



Sjálfbærniskýrsla

2025





Ávarp forstjóra	3
Almenn upplýsingagjöf ESRS 2 General Disclosure	
Undirbúningur upplýsingagjafar	6
Grundvöllur fyrir gerð sjálfbærnisráðgjafar	6
Upplýsingagjöf varðandi sérstakar aðstæður	8
Stjórnarhættir	9
Hlutverk stjórnunar- og eftirlitseininga tengt sjálfbærni og sjálfbærniáhættu	9
Upplýsingagjöf og umfjöllun um sjálfbærnimálefni til stjórnunar- og eftirlitseininga	13
Innleiðing sjálfbærni í starfskjaraáætlun	14
Stefna	15
Stefna, viðskiptalíkan og virðisbætur	15
Hagsmunir og sjónarmið hagaðila	17
Mikilvæg áhrif, áhættu og tækifæri og tengsl þeirra við stefnu og viðskiptalíkan	18
Stýring áhrifa, áhættu og tækifæra	21
Ferlið við að greina og meta áhrif, áhættu og tækifæri	21
Stefnur sem tengjast mikilvægum sjálfbærniþáttum	23
Aðgerðir og úrræði tengd mikilvægum sjálfbærniþáttum	26
Upplýsingagjöf um mikilvæga sjálfbærniþætti ESRS 2 Topical Disclosure	
Umhverfismál	29
Flokkunarreglugerðin – 8. grein	30
E1 – Loftslagsbreytingar: Mót vægi við loftslagsbreytingar	31
Mælikvarðar og markmið	31
Úthlutunar- og áhrifaskýrsla Kviku fyrir 2025	38
Félagslegir þættir	40
S1 – Starfsfólk	41
Stefnur tengdar starfsfólki	41
Mælikvarðar og markmið	43

S4 – Neytendur og endanotendur	44
Stefna	44
Áhrifamikilvægi, stýring áhættu og tækifæra	45
ES – Stafræn umbreyting	47
Stjórnarhættir	49
G1 – Viðskiptahættir	50
Stjórnarhættir	50
Áhrifamikilvægi, stýring áhættu og tækifæra	51
Mælikvarðar og markmið	51
ES – Regluverk fjármálamarkaða	52
Tilvísunartafla	53
Staðfesting óháðs endurskoðanda	57



Ávarp forstjóra

Á árinu 2025 var byggt ofan á þann góða grunn sem lagður hefur verið hjá Kviku á sviði sjálfbærni síðastliðin ár. Unnið hefur verið markvisst úr niðurstöðum tviátta mikilvægisgreiningar Kviku sem framkvæmd var síðla árs 2024 en greiningin fól meðal annars í sér stefnumótun á sviði sjálfbærni sem stór hópur hagaðila bankans kom að.

Ný sjálfbærnistefna Kviku var samþykkt á árinu og rammar hún inn þær áherslur sem markaðar voru í mikilvægisgreiningunni. Samhliða því voru markmið og mælikvarðar samþykktir sem eiga að draga fram og auðvelda eftirfylgni við áherslur stefnunnar. Með þessu móti er athyglinni einkum beint að þeim sjálfbærniþáttum sem eru mikilvægir starfseminni.

Árið hefur verið viðburðaríkt hjá Kviku og góður árangur náðst sem má einkum þakka öflugri samvinnu starfsfólks þvert á einingar samstæðunnar. Á árinu styrktist kjarnarekstur bankans verulega og eiginfjárstaða. Þá var aðgengi að fjölbreyttri og hagstæðri fjármögnun gott. Slíkur stöðugleiki gerir það kleift að taka upplýstar langtímaákvörðanir, styðja viðskiptavinum með ábyrgum hætti og fjárfesta í verkefnum sem skapa virði. Hjá Kviku höfum við að leiðarljósi gildin okkar sem eru langtímahugsun, hugrekki og einfaldleiki.

Kröftugur vöxtur var á árinu í útlánastarfseminni en þar bar hæst að Auður, fjármálaþjónusta Kviku fyrir sparnaðarreikninga, hóf innreið sína á húsnæðislánamarkaðinn og opnaði nýja þjónustu sem nefnist Auður heima og býður upp á óverðtryggt húsnæðislán. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á það hjá Auði að veita einfalda fjármálaþjónustu á netinu sem felur í sér litla yfirbyggingu en með því er kostnaði haldið í lágmarki og er það svigrúm sem skapast nýtt til að bjóða viðskiptavinum betri kjör. Tilkoma íbúðalána Auðar heima markaði mikilvægt skref í að styðja við heimili landsins með húsnæðislánum á hagstæðum kjörum sem voru þróuð með það að markmiði að hjálpa einstaklingum að eignast meira í húsnæði sínu.

Hingað til hefur munað um áhrif fjármálaþjónustu Auðar á samkeppni á íslenskum innlánamarkaði en munurinn á innlánavöxtum og stýrivöxtum Seðlabankans hefur minnkað verulega eftir að Kvika hóf að bjóða upp á þjónustu Auðar. Uppsafnaður ábati almennings af hærri innlánsvöxtum vegna aukinnar samkeppni hefur verið töluverður. Það er sérstaklega ánægjulegt þegar rekstur og

vörubrún á borð við vörur Auðar og jákvæð samfélagsleg áhrif fara saman enda er það kjarninn í sjálfbærum rekstri til langs tíma.

Á sviði stjórnarhátta og regluverks fjármálamarkaða náðust á árinu mikilvægir áfangar. Þar á meðal má nefna að skilameðferðaráætlun bankans var samþykkt og voru lágmarkskröfur um eigið fé og hæfar skuldbindingar (MREL-kröfur) skilgreindar þar sem bankinn er vel innan allra viðmiða. Innleiðing CRR3-reglugerðarinnar (reglugerð ESB nr. 2024/1623) hafði einnig jákvæð áhrif á eiginfjárstöðu bankans. Þá var unnið að aðlögun að kröfum frumvarps með lögum um stafrænan viðnámsþrótt fjármálamarkaða (reglugerð ESB nr. 2022/2554 eða DORA-reglugerðin) sem tók gildi hér á landi 1. janúar 2026 með lögum nr. 78/2025.

Áfallapol er lykilþáttur í starfsemi fjármálfyrirtækja og hefur áherslan á undanförnum árum í auknum mæli beinst að ytri ógnum. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands lagði til að mynda sérstaka áherslu á að fjallað yrði um geópólítiska áhættu í innra matsferli bankans árið 2025. DORA-regluverkið er í sama anda en það undirstrikar mikilvægi stafræns viðnámsþróttar fjármálfyrirtækja og viðbúnaðar gagnvart utanaðkomandi áföllum.

Slíkar ógnir, svo sem geópólítísk spennan, truflanir í alþjóðlegum viðskiptum eða veikleikar í innviðum, geta haft veruleg áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja. Brugðist hefur verið við auknum kröfum á þessu sviði hjá Kviku en á árinu hefur mikil vinna farið í að efla og samþætta stýringu sjálfbærniáhættu í breiðum skilningi inn í umgjörð áhættustýringar bankans. Þar er horft til samspils UFS-þáttanna auk rekstrarlegra og tæknilegra áhættuþátta. Markmiðið er að styrkja heildstæða nálgun sem tekur til lykilinnviða, verndar gagna, stöðugleika í þjónustu og langtímahugsunar um samfélagsleg áhrif starfseminnar.

Samhliða framangreindri þróun á árinu 2025 ríkir ákveðin óvissa um útfærslu sjálfbærniregluverks vegna svonefndra Omnibus-tillagna framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Tillögurnar miða meðal annars að því að einfalda upplýsingagjöf á sviði sjálfbærni og gera regluverkið aðgengilegra fyrir fyrirtæki. Kvika hefur engu að síður haldið áfram markvissum undirbúningi og uppbyggingu á sjálfbærni-umgjörð sinni og er bankinn vel í stakk búinn til að mæta þeim kröfum sem koma til með að taka gildi á næstu árum á sviði sjálfbærni.

Hjá Kviku hefur verið lögð áhersla á sveigjanleika, skýra forgangsroðun og áframhaldandi uppbyggingu gagna og ferla. Einnig var tekin ákvörðun um að halda áfram með þá vinnu sem

hófst á síðasta ári að birta sjálfbærnisráðgjafu með hljóðsýn af evrópsku stöðlunum European Sustainability Reporting Standards (ESRS). Þetta er liður í því að undirbúa innleiðingu tilskipunar ESB um sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja (CSRD) en fylgst verður með þróun mála hér á landi í ljósi Omnibus-tillagnanna og hvaða breytingar þær munu hafa í för með sér á regluverkið.

Sjálfbærnisráðgjafan í ár byggir að miklu leyti á reynslu fyrra árs en upplýsingagjöfin endurspeglar aukna samþættingu sjálfbærnimála inn í stefnumótun, áhættustýringu og daglegan rekstur Kviku.

Reykjavík, 11. febrúar 2026



Ármann Þorvaldsson

Forstjóri Kviku banka og formaður sjálfbærninefndar Kviku



Sjálfbærni hjá Kviku

UMHVERFIÐ

Leitast er við að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og beita mótvægisáðgerðum gagnvart óhjákvæmilegri mældri losun frá rekstrinum (að frátalinni fjármagnaðri losun). Tæknin hefur verið notuð til að styðja við sjálfbærni í vöruþróun og rekstri og verkefni fjármögnuð samkvæmt viðmiðum græns fjármögnunarramma Kviku.

Græn útgáfa

7.523 m.kr.

Heildarupphæð útgefna grænna skuldabréfa og innstæðna grænna framtíðarreiðinga Auðar.

Grænar eignir

17.389 m.kr.

Meginhluti ráðstöfunar hefur verið innan eignaflokkanna vistvænar samgöngur og í umhverfisvottaðar byggingar.

Útlán

99,9%

Hlutfall stafrænt stofnaðra útlána.

Innlán

94,0%

Hlutfall stafrænt stofnaðra innlána.


FÉLAGSLEGIR ÆTTIR

Mikið er lagt upp úr því að sinna starfsfólki á sem bestan hátt sem völ er á í gegnum ýmis konar aðgerðir sem ætlað er að efla vellíðan, heilsu, getu og þróun starfsfólks. Regluleg starfsmannasamtöl eru haldin, púlsmælingar og árleg vinnustaðagreining sem mælir meðal annars helgun og starfsánægju. Starfsfólk og stjórnendur bera sameiginlega ábyrgð á því að skapa jákvæða og góða vinnustaðamenningu þar sem gagnkvæm virðing, umhyggja og góð líðan er í fyrirrúmi.

Kynjahlutföll samstæðu

38%
konur

62%
karlar



Starfsánægja

4,58
af 5

Meðalaldur starfsfólks

42 ára

Helgun

4,29
af 5

Meðalstarfsaldur

7 ár

Fjöldi fastráðinna

253
í árslok 2025

Jafnlaunagreining

0,1% körlum í hag
Kvika

0,4% körlum í hag
Kvika eignastýring

STJÓRNARHÆTTIR

Hjá Kviku er unnið eftir nýrri sjálfbærnistefnu, markmiðum og mælikvörðum sem voru samþykkt á árinu 2025. Skipurit Kviku styður við sjálfbærni og stjórn er vel upplýst um sjálfbærnimál. Umgjörð utan um sjálfbærniáhættu hefur verið styrkt og mikið er lagt upp úr upplýsingaöryggi og persónuvernd. Þá er áhersla lögð á virka umgjörð áhættustýringar, hlitingu við lög og reglur á fjármálaþætti og síðferði.



Hlutfall starfsfólks sem lokið hefur **skyldufræðslu** á árinu 2025 sem snýr meðal annars að upplýsingaöryggi, aðgerðum gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka er 95,7%.



Hlutfall starfsfólks sem kláraði skyldufræðslu tengda **siðareglum** á árinu 2025 nam 98,8%.

87/100 stig í UFS-mati Reitunar og einkunn A3.

SAMSTARFSADILAR




HEIMSMARKMIÐ



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem Kvika hefur tekið upp í starfseminna.

Almenn upplýsingagjöf | ESRS 2 General Disclosure





Undirbúningur upplýsingagjafar

Grundvöllur fyrir gerð sjálfbærniskýrslunnar

Skýringarkröfur: BP-1 – greinar 5a, 5b i, 5b ii og 5c.

Um skýrsluna

Sjálfbærniskýrsla Kviku banka hf. (hér eftir „Kvika“ eða „bankinn“) geymir yfirlit yfir framgang sjálfbærnimála hjá Kviku og dótturfélögum á fjárhagsárinu 2025. Skýrslan er gefin út samhliða ófjárhagslegri upplýsingagjöf í ársreikningi Kviku, samkvæmt 66. gr. d. laga um ársreikninga nr. 3/2006.

Umfjöllunin í skýrslunni tekur mið af mikilvægum sjálfbærniþáttum og undirþáttum Kviku samkvæmt tviátta mikilvægisgreiningu frá árinu 2024. Kröfur European Sustainability Reporting Standards (ESRS)¹ og tilskipunar Evrópusambandsins (ESB) um sjálfbærniupplýsingar fyrirtækja (CSRD) voru hafðar til hliðsjónar fyrir valdar skýringarkröfur (e. *disclosure requirements*) við gerð skýrslunnar.

Kvika svarar skýringarkröfum ESRS eins langt og unnt er miðað við fyrirbyggjandi gögn. Þar sem CSRD hefur ekki enn öðlast lagagildi á Íslandi er upplýsingagjöf Kviku fyrir árið 2025 með vísun í ESRS valkvæð eins og árið áður. Með þessari skýrslu leggur Kvika grunn að áframhaldandi þróun í sjálfbærniupplýsingagjöf, þar sem áhersla er lögð á gagnsæja og gagnadrifna upplýsingagjöf.

Við gerð skýrslunnar var lögð áhersla á að samþætta upplýsingagjöf við þær upplýsingar sem birtast í samstæðureikningi Kviku en upplýsingagjöf samkvæmt ESRS kemur til viðbótar við ófjárhagslega upplýsingagjöf samkvæmt 66. gr. d. laga um ársreikninga.

Pegar skýrslan er rituð liggur hvorki fyrir opinber þýðing á CSRD né ESRS. Þýðingar á köflum og skýringarkröfum í skýrslunni eru því unnar af Kviku en enskt heiti fylgir oft með til að tryggja rétta tilvísun í staðlana sem stuðst er við.

Í tilvísunartölflunni sem fylgir skýrslunni eru skýringarkröfurnar taldar upp á ensku. Frekari greinar innan viðkomandi skýringarkröfu eru taldar upp í upphafi hvers kafla, eins og við á. Þær skýringarkröfur sem eru sérstaklega merktar í tilvísunartölflunni hafa verið yfirfarnar af Deloitte, með takmarkaðri vissu (e. *limited assurance*).

¹ Í þessari skýrslu er vísað til ESRS, gefið út í desember 2023. Fyrir liggja drög að einfölduðum stöðlum sem gert er ráð fyrir að framkvæmdastjórn ESB samþykki á síðari hluta ársins 2026.



Umfang

Sjálfbæriskýrsla Kvikú nær til samstæðu Kvikú í samræmi við umfang samstæðureiknings með eftirfarandi takmörkunum:

Skýrslan tekur til íslenskrar og erlendra starfsemi Kvikú, þ.e. Kvikú banka (móðurfélag) og dótturfélaganna Kvikú eignastýringar hf. (hér eftir „Kvika eignastýring“), Straums greiðslumiðlunar hf. (hér eftir „Straumur“), Skilum ehf. (hér eftir „Skilum“) og Kvika Limited. Helstu vörumerki Kvikú banka eru Auður, Aur, Lykill, Netgiró og Ortus.

Starfsemi Kvikú í gegnum breska dótturfélagið Kvika Limited hefur hingað til verið að hluta undanskilin umfjöllun í sjálfbæriskýrslu Kvikú, einkum hvað varðar umhverfispætti. Breyting er gerð í ár þar sem unnið hefur verið að samþættingu umhverfispáttá bresku starfseminnar og annarra hluta samstæðunnar og er Kvika Limited nú hluti af umhverfisuppgjörinu í fyrsta skipti.

TM tryggingar hf. (hér eftir „TM“) var dótturfélag bankans til 28. febrúar 2025 þegar sala á félaginu til Landsbankans gekk í gegn. Skýrslan tekur því ekki til starfsemi TM, að því undanskildu að tölur vegna losunar gróðurhúsalofttegunda tengdri starfsemi TM eru hluti af umhverfisuppgjörinu fyrstu tvo mánuði ársins. Eftir að salan á TM gekk í gegn er Kvika ekki lengur skilgreind sem fjármálasamsteypa á fjármálasviði.

Umfang með tilliti til virðis_keðju og hagaðila

Tvíátta mikilvægisgreining var framkvæmd haustið 2024 og er niðurstaða hennar grunnurinn að upplýsingagjöf í þessari skýrslu. Greiningin byggist á tveimur lykilþáttum sem eru áhrifamikilvægi og fjárhagslegt mikilvægi og afmarkaðist matið á þeim af virðis_keðju Kvikú, sem er skilgreind á þennan hátt:

- Þættir sem standa utan starfseminnar en hafa áhrif á hana (e. *upstream*).
- Þættir sem tengjast eigin rekstri (e. *own operations*).
- Þættir sem tengjast vöruframboði og þjónustu (e. *downstream*).

Leitað var álits innri og ytri hagaðila á niðurstöðum mikilvægisgreiningarinnar. Áhrif Kvikú í virðis_keðjunni og tengsl við hagaðila voru jafnframt skoðuð. Rætt var beint við samstarfsaðila, viðskiptavini, hluthafa, starfsfólk og stjórn í ferlinu. Nánar er fjallað um samskipti Kvikú við hagaðila í kaflanum *Hagsmunir og sjónarmið hagaðila*.



Upplýsingagjöf varðandi sérstakar aðstæður

Skýringarkröfur: BP-2 – greinar 10a, 10b, 13a og AR 2.

Á árinu 2025 urðu breytingar á samstæðuskipulagi Kvikú og á aðferðafræði við útreikning á losun gróðurhúsalofttegunda og hafa þær áhrif á samanburð á milli ára. Í þessum kafla er greint frá helstu breytingum auk upplýsinga um endurskoðun með takmarkaðri vissu. Nánari upplýsingar um umhverfisuppgjör Kvikú má finna í kaflanum E1 – Loftslagsbreytingar.

Breytingar tengdar skipulagsheildinni

Losunartölur TM eru teknar með í losunarbókhald Kvikú fram að söluðegi í febrúar 2025 til að endurspegla losun sem féll til á meðan félagið var enn hluti af samstæðu Kvikú. Unnið hefur verið að því á árinu að umhverfisuppgjör Kvikú taki einnig til bresku starfseminnar og eru losunartölur Kvika Limited hluti af umhverfisbókhaldinu fyrir árið 2025 í fyrsta skipti.

Mælikvarðar vegna losunar gróðurhúsalofttegunda í virðisæðjunni

Umhverfisuppgjörið inniheldur nú í fyrsta skipti losun vegna framleiðslu og dreifingar (e. *well-to-tank*) á því eldsneyti sem notað hefur verið beint eða óbeint í rekstri Kvikú. Það eykur gæði upplýsinga í umhverfisuppgjörinu, en einnig óbeina losun bankans. Þá var ákveðið að birta ekki tölur yfir losun gróðurhúsalofttegunda vegna förgunar á sorpi þar sem greining sýndi að slík losun væri ekki mikilvægur þáttur í heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi Kvikú.

Óbein losun í virðisæðjunni

Óbein losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi Kvikú kemur fram í umfangi 2 og 3 og byggir á eftirfarandi gögnum.

Umfang 2:

- Orkunotkun í skrifstofuhúsnæði Kvikú á Íslandi byggir annars vegar á frumgögnum og hins vegar gögnum sem sýna meðaltalsorkunotkun á fermetra þegar aðgangur að frumgögnum er ekki til staðar.
- Í Bretlandi byggist orkunotkun tengd rafmagns, gas- og vatnsnotkun í skrifstofuhúsnæði Kvika Limited í London á áætluðum gögnum út frá stærð húsnæðisins og hlut Kvika Limited í heildarkostnaði. Ekki er fyrir að fara mælingum niður á afmörkuð rými í byggingunni og byggja upplýsingar á gögnum sem berast frá þriðja aðila.

Umfang 3:

- Hvað varðar samgöngur starfsfólks til og frá vinnu eru losunartölur unnar úr frumgögnum úr samgöngukönnun starfsfólks.
- Unnið er einnig með frumgögn tengd viðskiptaferðum starfsfólks en þar undir falla sér í lagi flugferðir.
- Stór hluti af óbeinni losun í umfangi 3 er fjármögnuð losun. Þegar um er að ræða lán til félaga eða fjárfestingu er reynt að nýta gögn um losun gróðurhúsalofttegunda sem koma frá félögunum sjálfum og birt eru opinberlega. Þegar það er ekki mögulegt er losun áætluð út frá áreiðanlegustu upplýsingunum sem standa til boða á þeim tíma sem útreikningarnir eru framkvæmdir. Til dæmis út frá gögnum Samgöngustofu, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (hér eftir „HMS“), Veru sjálfbærnilausnar Creditinfo eða gagnagrunni Partnership for Carbon Accounting Financials (hér eftir „PCAF“). Útreikningar sem tengjast áætlaðri fjármagnaðri losun Kvikú ná yfir fjármagnaða losun á Íslandi og í Bretlandi.

Þar sem notast er við áætluð gögn við útreikning á óbeinni losun er markmiðið að bæta aðgang að frumgögnum og draga úr óvissu í útreikningum í takt við þróun gagnasöfnunar og upplýsingagjafar hjá viðskiptavinum og samstarfsaðilum.

Útanumhald og útreikningar á losun gróðurhúsalofttegunda

Kvika hefur undanfarin ár stuðst við sjálfbærnihugbúnað til að reikna losun gróðurhúsalofttegunda frá starfseminni í umfangi 1, 2 og að hluta til 3. Fyrir árið 2025 sér bankinn hins vegar sjálfur um alla útreikninga. Það er liður í því að bæta umhverfisbókhaldið og innleiða losunartölur í innri kerfi sem auðveldar Kvikú að birta hagaðilum viðeigandi upplýsingar. Áfram verður unnið að því á árinu 2026 að innleiða þetta fyrirkomulag í starfsemina.

Álit með takmarkaðri vissu

Deloitte, endurskoðendur bankans, hafa staðfest valda mælikvarða og upplýsingar í skýrslunni með takmarkaðri vissu (e. *limited assurance*) auk upplýsinga um ráðstöfun grænna fjármuna samkvæmt áhrifa- og úthlutunarskýrslu Kvikú. Álit Deloitte með takmarkaðri vissu nær til valinna skýringakrafna en umfangið má sjá í tilvisunartöflu í lok skýrslunnar.



Stjórnarhættir

Hlutverk stjórnunar- og eftirlitseininga tengt sjálfbærni og sjálfbærniáhættu

Skýringarkröfur: GOV-1 – greinar 21a, 21d og 21e.

Fjölbreytni stjórnar og undirnefnda stjórnar

Stjórn Kviku banka er skipuð fimm stjórnarmeðlimum og tveimur til vara. Stjórn er skipuð á hluthafafundi og starfar í samræmi við þau lög og reglur sem um starfsemi bankans gilda, starfsreglur stjórnar, 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins í febrúar 2021 (hér eftir „leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja“) sem og viðmiðunarreglum EBA um innri stjórnarhætti.

Undirnefndir stjórnar eru þrjár: endurskoðunarnefnd, áhættunefnd og starfskjaranefnd. Tilnefningarnefnd hefur verið starfrækt hjá bankanum frá aðalfundi árið 2024.

	2024		2025	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Hlutfall stjórnarmeðlima	60%	40%	60%	40%
Hlutfall formanna í undirnefndum stjórnar og tilnefningarnefnd	25%	75%	50%	50%

Tafla 1: Kynjahlutfall í stjórn og undirnefndum stjórnar 2024 og 2025.

Óháði stjórnar

Allir stjórnarmeðlimir Kviku eru óháðir í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja. Tveir varamenn sitja í stjórn bankans og er annar þeirra talinn vera háður Kviku í skilningi framangreindra leiðbeininga þar sem hann gegndi stöðu framkvæmdastjóra áhættustýringar bankans til ársins 2023. Forstjóra og öðru starfsfólki bankans er óheimilt að sinna stjórnarformennsku og stjórnarstörfum fyrir Kviku samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

	2024	2025
Óháðir stjórnarmeðlimir	100%	100%

Tafla 2: Hlutfall óháðra stjórnarmeðlima 2024 og 2025. Hlutfallið tekur ekki til varamanna.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn samstæðu Kviku er skipuð níu einstaklingum.

	2024		2025	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Kynjahlutföll stjórnenda í efsta starfsmannalagi (framkvæmdastjórar og forstjóri)	67%	33%	67%	33%

Tafla 3: Kynjahlutföll í stjórnendastöðum 2024 og 2025.

Finna má ítarlegar upplýsingar um stjórn og undirnefndir stjórnar í stjórnarháttayfirlýsingu Kviku sem birt er sem viðauki við ársreikning og á vef Kviku.



Hlutverk og yfirsýn stjórnar, nefnda og eftirlitseininga tengt áhrifum, áhættum og tækifærum á sviði sjálfbærni

Skýringarkröfur: GOV-1 – greinar 22a, 22c, 22c i og 22d.

Stjórn Kviku banka og undirnefndir

Stjórn Kviku ber ábyrgð á stjórnarháttum bankans og samstæðu, meðal annars á sjálfbærnistefnu bankans sem og á umgjörð um hvernig skuli greina, meta, vakta og stýra þekktum áhættuþáttum á borð við sjálfbærniáhættu. Stjórn skilgreinir áhættuvilja fyrir undirþætti sjálfbærniáhættu og setur lykiláhættuvisa ásamt því að skilgreina áhættuvilja, áhættuþol og áhættugetu þeirra.

Stjórnin ber ábyrgð á skipan og störfum undirnefnda sem starfa í umboði stjórnar. Utanaðkomandi nefndarmaður í endurskoðunarnefnd bankans er þó skipaður af aðalfundi Kviku. Undirnefndir stjórnar Kviku eru áhættunefnd, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Nefndirnar snerta allar á málefnum sjálfbærni og sjálfbærniáhættu reglulega.

Forstjóri og fagnefndir

Forstjóri ber ábyrgð á sjálfbærnimálum og sjálfbærniáhættu gagnvart stjórn. Forstjóri skipar fimm fagnefndir sem starfa í hans umboði og bera meðal annars ábyrgð gagnvart honum á stýringu mismunandi áhættuþátta í rekstri bankans. Einnig á því að útfærsla áhættustýringar sé í samræmi við áhættuvilja stjórnar. Nefndirnar eru áhættunefnd samstæðu, fjármálanefnd, lánanefnd, rekstrarnefnd og sjálfbærninefnd. Sjálfbærninefnd og áhættunefnd samstæðu hafa mesta snertingu við sjálfbærni af fagnefndunum fimm.

Áhættunefnd samstæðu hefur umsjón með innleiðingu og fylgni við áhættustefnu samstæðu Kviku og umgjörð áhættustýringar í samstæðunni. Nefndin hefur heildstæða yfirsýn yfir þá megináhættuþætti sem samstæðan stendur frammi fyrir, þar með talið sjálfbærniáhættu, og hefur eftirlit með því að áhættutaka sé í samræmi við áhættuvilja stjórnar.

Sjálfbærninefnd ber ábyrgð á innleiðingu, útfærslu og framkvæmd á sjálfbærnistefnu Kviku, stefnu Kviku banka um sjálfbærniáhættu og þeim hluta áhættustefnu samstæðu Kviku banka sem snýr að sjálfbærniáhættu. Sjálfbærninefndin skilgreinir frekari áhættuvisa sjálfbærniáhættu innan þess áhættuvilja sem stjórn hefur skilgreint. Nefndin tekur jafnframt til umræðu og samþykkir verklagsreglur og

ferla fyrir stýringu sjálfbærnimála og sjálfbærniáhættu. Nefndin ber ábyrgð á og fer með eftirlit með grænum fjármögnunarramma Kviku og flokkun grænna lána en hún staðfestir grænar eignir og útistandandi grænar skuldbindingar á hálfis árs fresti. Meðal annarra verkefna nefndarinnar er að stuðla að hugmyndavinnu vegna lánveitinga, fjármögnunar, fjárfestinga og annarrar vörupróunar sem tengist sjálfbærni. Einnig hefur hún eftirlit með ófjárhagslegri upplýsingagjöf Kviku.

Aðkoma stjórnenda, deilda og eftirlitseininga að áhrifum, áhættum og tækifærum

Framkvæmdastjórnar og forstöðumenn sviða bera hver um sig ábyrgð á sjálfbærnimálum og sjálfbærniáhættu í daglegri starfsemi innan sinna ábyrgðarsviða og að áhættutaka sé innan áhættuvilja. Framkvæmdastjórnar og forstöðumenn skulu stuðla að framgangi sjálfbærnistefnunnar og að heilbrigð áhættumenning sé viðhöfð innan viðkomandi eininga. Einnig skulu stjórnendur tryggja að starfsfólk hafi góðan skilning á hlutverki sínu í fyrstu varnarlinu í tengslum við sjálfbærniáhættu og taki fullan þátt í að draga úr henni í daglegum störfum.

Sjálfbærnideild og forstöðumaður sjálfbærni hefur daglega umsjón með málum sem varða sjálfbærni í umboði sjálfbærninefndar Kviku og er eitt af meginverkefnum að vinna að innleiðingu sjálfbærnistefnu Kviku og að markmiðum og mælikvörðum sem tengjast áherslum stefnunnar. Á meðal verkefna er að hafa umsjón með innleiðingu ferla sem eiga að draga úr sjálfbærniáhættu þvert á samstæðuna, stýra vinnu við tviátta mikilvægisgreiningu Kviku og hafa yfirumsjón með upplýsingagjöf til hagaðila um sjálfbærnimálefni.

Áhættustýring, sem eftirlitseining í annarri varnarlinu bankans, hefur eftirlit með sjálfbærniáhættu og ber ábyrgð á þróun aðferða til að greina, meta, vakta og stýra sjálfbærniáhættu með skipulegum hætti. Áhættustýring styður aðrar einingar bankans við gerð áhættumats sjálfbærniáhættu og við að lágmarka áhættu með viðeigandi stýringum, áhættuvitund og áhættumenningu. Þar að auki hafa áhættustjórnar dótturfélaga eftirlit með greindum áhættuþáttum félaganna sem þau starfa fyrir og bera ábyrgð á þróun aðferða til að greina, meta, vakta og stýra þeim með skipulegum hætti.


Regluvarsla, sem eftirlitseining í annarri varnarlinu bankans, hefur eftirlit með hlitingaráhættu og að þær ráðstafanir, stefnur og verklag, sem innleitt hefur verið til að uppfylla kröfur þess regluverks sem um starfsemina gildir hverju sinni sé fullnægjandi og skilvirkt.

Regluvörður er jafnframt ábyrgðarmaður Kviku vegna aðgerða gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka og ber sem slíkur ábyrgð á að aðgerðir bankans til að koma í veg fyrir slíka háttsemi séu fullnægjandi. Einnig ber regluvörður ábyrgð á að eftirlit innan bankans, þjálfun starfsfólks og tilkynningar um grunsamlega háttsemi til viðeigandi stjórnvalda sé sinnt. Þá hefur regluvörður umsjón með eftirfylgni við ákvæði laga um aðgerðir gegn markaðssvikum, meðferð innherjaupplýsinga og viðskipta stjórnenda og meðferð kvartana.

Innri endurskoðandi, sem eftirlitseining í þriðju varnarlinu bankans, heyrir beint undir stjórn og metur hvort innra eftirlit í daglegri starfsemi sé í fullnægjandi horfi þannig að áhætta sé greind og henni stjórnað til samræmis við áhættustefnu samstæðu og áhættuvilja stjórnar.



Sjálfbærniskipulag og -eftirlit Kviku banka



Mynd 1: Sjálfbærniskipulag Kviku.



Markmiðasetning tengd mikilvægum áhrifum, áhættum og tækifærum og eftirfylgni

Stjórn Kviku samþykkti nýja sjálfbærnistefnu í september 2025 sem byggir á áherslum úr tviátta mikilvægisgreiningu frá árinu 2024. Samhliða því samþykkti sjálfbærniefndin, sem skipuð er forstjóra, framkvæmdastjórum þvert á samstæðu Kviku og forstöðumanni sjálfbærni, nýjar verklagsreglur. Þær fela í sér markmið og mælikvarða, sem eiga að draga fram áherslur í sjálfbærnistefnunni og auðvelda eftirfylgni við stefnuna.

Verklagsreglurnar, eins og sjálfbærnistefnan, gilda fyrir samstæðu Kviku á grundvelli eigendastefnu Kviku banka fyrir mikilvæg dótturfélög. Markmiðin og mælikvarðarnir tengjast starfsemi þvert á samstæðuna og hafa viðeigandi einingar umsjón með þeim markmiðum og mælikvörðum sem falla undir þeirra ábyrgðarsvið.

Á sama tíma var ákveðið að fækka heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (hér eftir „SP“) sem Kvika tekur sérstaklega upp í starfsemina úr sex markmiðum í fjögur þannig að markmiðin falli sem best að áherslum Kviku í sjálfbærni, eins og þær eru útlistaðar í sjálfbærnistefnunni.

Markmið Kviku tengd sjálfbærni				
Áherslur í sjálfbærnistefnu	Góðir stjórnarhættir	Velliðan og velgengni starfsfólks	Ábyrg og traust þjónusta	Sjálfbær fjármál og fjártækni
Mikilvægir sjálfbærniþættir og undirþættir	- Viðskiptahættir (G1): vinnustaðamenning, spilling og mútur, vernd uppljóstrara. - Regluverk fjármálamarkaða (ES).	Starfsfólk (S1): vinnuskilyrði og jöfn meðferð og tækifæri fyrir öll.	Neytendur og endanotendur (S4): áhrif tengd upplýsingagjöf á neytendur og endanotendur.	- Lof tslagsbreytingar (E1): mótvægi við loftslagsbreytingar. - Stafræn umbreyting (ES).
Hjá Kviku höfum við sett markmið um:	- að engin tilfelli skulu koma upp tengd brotum á lögum sem fjalla um spillingu, mútubægni og peningabætti. - hlutfall þeirra birgja sem skulu hafa samþykkt siðareglur á hverjum tíma. - hversu stórt hlutfall starfsfólks skuli hafa lokið skyldufræðslu á ári hverju, meðal annars um siðareglur, upplýsingaöryggi, varnir gegn peningabætti og persónuvernd.	- að laun skuli vera jöfn óháð kyni og að kynbundinn launamunur skuli vera innan ákveðinna vikmarka. - jöfn kynjahlutföll á meðal starfsfólks og að ákveðin störf flokkist ekki sem „karla-“ eða „kvennastörf“. - að engin tilfelli tengd brotum á mannréttindum starfsfólks komi upp í starfseminni. - ákveðið svarhlutfall í starfsánægjukönnunum, sem og einkunn hvað varðar helgun. - árlega starfsmannaveltu að frumkvæði starfsfólks. - heilnæmt og stuðningsríkt starfsumhverfi, sem eflir velliðan starfsfólks og stuðlar að minni veikindum.	- að árleg einkunn í innlendu UFS-áhættumati fari ekki undir ákveðið viðmið. - góð samskipti við neytendur og að kvörtunarferlið sé einfalt, sem og að úrlausnartími fari ekki fram úr tilteknum tíma. - að fjöldi alvarlegra athugasemda innri endurskoðunar eða eftirlitsaðilar séu engar tengt upplýsingaöryggi. Sama á við um fjölda alvarlegra frávik.	- samdrátt í beinni og óbeinni losun gróðurhúsa lofttegunda og að kolefnisjafna óhjákvæmlega losun með ábyrgum hætti. - hlutfall upplýsingatækni kerfa sem skulu styðjast við endurnýjanlega orkugjafa í gagnaversþjónustu.

Heimsmarkmið SP sem Kvika hefur tekið upp:

5JAFNRÉTTI KYNJANNA

9NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING

13ÁBYRGIR Í LOFTSLAGSMÁLUM

17SAMVINNA UM MARKMIÐIN

Mynd 2: Áherslur í sjálfbærnistefnu Kviku og markmið tengd sjálfbærni.

12



Upplýsingagjöf og umfjöllun um sjálfbærnimálefni til stjórnunar- og eftirlitseininga

Skýringarkröfur: GOV-1 – grein 22c ii, GOV-2 – grein 26a.

Sjálfbærninefndin hefur eftirlit með stöðu markmiða og mælikvarða sem tengjast mikilvægum sjálfbærnipáttum Kviku en sjálfbærnideildin upplýsir sjálfbærninefndina á hálfis árs fresti um stöðu mælikvarðanna. Forstöðumaður sjálfbærni hefur upplýsingaskyldu um sjálfbærnimálefni til sjálfbærninefndar bankans, sem hittist á tveggja mánaða fresti, en hann fer með daglega umsjón sjálfbærnimála hjá samstæðunni. Einnig er regluleg upplýsingaskylda forstöðumanns sjálfbærni til endurskoðunarnefndar stjórnar og stjórnar um stöðu sjálfbærnivinnu Kviku og upplýsingagjafa til hagaðila.

Áhættustýringu ber að framkvæma mælingar, leggja mat á og hafa reglulegt eftirlit með lykiláhættuvisum sjálfbærniáhættu sem stjórn hefur skilgreint og frekari áhættuvisum sem skilgreindir eru af sjálfbærninefndinni. Enn fremur ber áhættustýringu að tryggja að skýrslugjöf sé skýr, regluleg og berist til viðeigandi aðila. Til viðbótar við lágmarksskýrslugjöf áhættustýringar skal sjálfbærniáhætta vera oftari til umfjöllunar innan viðeigandi nefnda eða stjórnar mælist áhættuvisir utan áhættuvilja.

Lágmarksskýrslugjöf áhættustýringar, sem tekur til sjálfbærniáhættu, til stjórnar, fagnefnda og eftirlitsaðila er útlistuð í töflu 4.

Heiti upplýsingagjafa	Efnistöð	Tíðni	Dreifing
Lykiláhættuvisar sjálfbærniáhættu	Yfirlit yfir stöðu lykiláhættuvisa samstæðu sem tengjast sjálfbærniáhættu með tilliti til áhættuvilja, -þols og -getu.	Mánaðarlega	Stjórn Áhættunefnd stjórnar Áhættunefnd samstæðu ² Sjálfbærninefnd ³
Frekari áhættuvisar sjálfbærniáhættu	Yfirlit yfir stöðu frekari áhættuvisa sjálfbærniáhættu sem sýnir stöðu þeirra með tilliti til áhættuvilja, -þols og -getu.	Annan hvorn mánuð	Áhættunefnd samstæðu Sjálfbærninefnd
Áhættuskýrsla samstæðu Kviku	Þróun og yfirlit yfir stöðu áhættupátta samstæðu, þar á meðal sjálfbærniáhættu.	Ársfjórðungslega	Stjórn Áhættunefnd stjórnar Áhættunefnd samstæðu Framkvæmdastjórn Sjálfbærninefnd
ICAAP	Greina skal frá undirbúningi, framkvæmd og helstu niðurstöðum tviátta mikilvægisgreiningar. Skýra skal áhættuvilja og -þol sjálfbærniáhættupátta sem taldir eru hafa áhrif á eiginfjár- og lausafjárstöðu bankans auk stýringa þeirra.	Árlega	Stjórn Áhættunefnd stjórnar Áhættunefnd samstæðu Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands

² Skýrslan berst nefndinni á næsta fundi hennar þar sem nefndin hittist á tveggja mánaða fresti.

³ Skýrslan berst nefndinni á næsta fundi hennar þar sem nefndin hittist á tveggja mánaða fresti.

Tafla 4: Lágmarksskýrslugjöf um sjálfbærniáhættu til stjórnar, fagnefnda og eftirlitsaðila.



Innleiðing sjálfbærni í starfskjaraáætlun

Skýringarkröfur: GOV-3 – greinar 29, 29a og 29e.

Starfskjarastefna Kviku var síðast samþykkt á aðalfundi félagsins þann 26. mars 2025. Starfskjarastefnunni er meðal annars ætlað að tryggja að starfskjör samræmist gildum Kviku um langtímahugsun, sjálfbærni, stöðu félagsins á hverjum tíma, lögum, reglum, góðum stjórnar- og viðskiptaháttum, sem og heilbrigðum og traustum rekstri félagsins.

Stjórn Kviku hefur að fengnu álit frá starfskjaranefnd og áhættunefnd samþykkt kaupaukakerfi í samræmi við gildandi lög og reglur og er það hluti af starfskjarastefnunni sem samþykkt er á aðalfundi. Samkvæmt kaupaukakerfinu tekur stjórn endanlega ákvörðun um veitingu kaupauka í samræmi við fyrirfram skilgreind árangursviðmið sem samþykkt hafa verið af stjórn og einnig að fenginni rökstuddri tillögu frá forstjóra og starfskjaranefnd. Einungis þeir aðilar sem heimilt er lögum samkvæmt að greiða kaupauka geta hlotið kaupauka á grundvelli kaupaukakerfisins. Samkvæmt íslenskum lögum og reglum er óheimilt að greiða starfsfólki eftirlitseininga og stjórnarmeðlimum kaupauka.

Árangursviðmið fyrir árið 2025 lúta meðal annars að fjárhagslegum markmiðum bankans og að Kvika hafi verið starfrækt innan áhættuvilja stjórnar eins og honum er lýst í áhættustefnu. Þá skal sér í lagi horft til arðsemi bankans, áætlana og að eiginfjárlutföll og lausafjárlutföll séu í samræmi við áhættuvilja stjórnar. Einnig er lögð áhersla á fylgni við lög og reglur sem og árangur starfsmanns og einingar.

Við mat á árangri starfsfólks er lagt mat á kostnaðarvitund, umbótavilja, þátttöku í skyldufræðslu, ánægju viðskiptavina, sem og áhættuvitundar starfsmanns en það nær meðal annars til sjálfbærniáhættu. Lögð er áhersla á að starfskjarastefnan hvetji ekki til óhóflegrar áhættutöku og er mikilvægt að starfsfólk styðji við innleiðingu á sjálfbærnistefnunni í verklag innan sinna sviða og fylgi stefnum samstæðunnar sem snerta á sjálfbærniáhættu meðal annars við fjárfestingarákvarðanir og ráðgjöf.

Ítarlegri upplýsingar um starfskjarastefnu Kviku má finna í stjórnarháttayfirlýsingu Kviku og á vef bankans. Gildandi starfskjarastefna á hverjum tíma er einnig birt á vef bankans.





Stefna

Stefna, viðskiptalíkan og virðiskeðja

Skýringarkrafa: SBM-1.

Kvika hefur það að markmiði að auka samkeppni, einfalda fjármál viðskiptavina með því að nýta innviði og fjárhagslegan styrk og umbreyta fjármálaþjónustu á Íslandi. Þessu vill Kvika ná fram með gagnkvæmum ávinningi sem skilar sér til hagaðila bankans, svo sem viðskiptavina, hluthafa, starfsfólks og samfélagsins. Gildi Kviku eru langtímahugsun, einfaldleiki og hugrekki. Nánari upplýsingar um heildarstefnu Kviku banka má finna í stjórnarháttayfirlýsingu bankans sem er birt sem viðauki við ársreikning Kviku og á vefnum.

Sjálfbærnistefna

Ráðist var í að uppfæra sjálfbærnistefnu Kviku á árinu og samþykkti stjórn nýja stefnu í september 2025. Sjálfbærnistefnan var mótuð með hliðsjón af niðurstöðum tviátta mikilvægisgreiningar sem fól í sér umfangsmikla vinnu innan Kviku með þátttöku starfsfólks og annarra hagaðila. Útkoman er stefna sem styður við heildarstefnu Kviku og tekur mið af áherslum í sjálfbærni.

Sjálfbærnistefnan og stefna Kviku banka um sjálfbærniáhættu mynda öfluga umgjörð utan um sjálfbærnivinnu Kviku. Sjálfbærnistefnan leggur áherslu á að hjá Kviku er unnið með UFS-þættina innan fjögurra áherslusviða sem endurspegla niðurstöður tviátta mikilvægisgreiningarinnar. Þau eru:

- Góðir stjórnarhættir,
- vellíðan og velgengni starfsfólks,
- ábyrg og traust þjónusta og
- sjálfbær fjármál og fjártækni.

Tviátta mikilvægisgreining		
E1 – Loftslagsbreytingar: mótvægi við loftslagsbreytingar	S1 – Starfsfólk: Vinnuskilyrði, jöfn meðferð og tækifæri fyrir öll	G1 – Viðskiptahættir: Vinnustaðamenning, vernd uppljóstrara, spilling og mútur
ES – Stafræn umbreyting	S4 – Áhrif tengd upplýsingagjöf á neytendur og endanotendur	ES – Regluverk fjármálamarkaða
Sjálfbærnistefna		
Umhverfisþættir	Félagslegir þættir	
Sjálfbær fjármál og fjártækni	Vellíðan og velgengni	Ábyrg og traust þjónusta
		Góðir stjórnarhættir
Sjálfbærniáhættustefna		
Aðrar stefnur og reglur sem tengjast sjálfbærni		
Grænn fjármögnunarrámmi		
Grænar fjármálaafurðir og verkefni		
Markmið og mælikvarðar		
Verklag og ferlar		
UFS-þjálfun og fræðsla		
Samfélagsverkefni og styrkir		
Samstarfsverkefni		

Mynd 3: Samspil tviátta mikilvægisgreiningar, sjálfbærnistefnu og sjálfbærnumgjörðar.



Skipulag, starfsemi, vöruframboð og þjónusta

Skýringarkröfur: SMB-1 – greinar 40a i, 40a ii, 40a iii og 42.
S4.SBM-3 – grein 10a.

Kvika banki er móðurfélag samstæðu Kviku sem samanstendur af fjórum tekjusiðum sem öll þjóna mismunandi þörfum viðskiptavina. Tekjusiðin eignastýring og Bretland eru starfrækt í dótturfélögum.

Kvika er í nánú sambandi við stóran hóp einka- og opinberra fjárfesta sem og mörg af stærstu fyrirtækjum landsins og einstaklinga. Einingar Kviku þjónusta fjölbreyttan hóp viðskiptavina sem sækja mismunandi vörur og þjónustu til samstæðunnar.

Fjárfestingarbankasvið veitir fyrirtækjum og öðrum fagaðilum fjölbreytta og faglega þjónustu á sviði lánveitinga, fyrirtækjaráðgjafar, verðbréfa- og gjaldeyrisviðskipta.

Viðskiptabankasvið býður fyrirtækjum, stofnunum, einstaklingum og fjárfestum upp á almenna bankaþjónustu en dagleg bankaviðskipti viðskiptavina fara að mestu fram stafrænt. Einstaklingar eru einkum viðskiptavinir í gegnum almenna bankaþjónustu Kviku sem veitt er í gegnum vörumerkin Aur, Auði og Netgíró. Lykill sérhæfir sig í fjármögnun á bílum og lánar bæði einstaklingum og fyrirtækjum. Fyrirtæki geta einnig nýtt sér innlánsreikninga Auðar. Þá býður Straumur fyrirtækjum upp á helstu posa- og veflausnir sem í boði eru.

Eignastýringin leggur áherslu á að veita viðskiptavinum breitt þjónustuframboð til þess að fjárfesta innanlands og á erlendum mörkuðum. Áhersla er lögð á að vera leiðandi í eigna- og sjóðastýringu með langtímahagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Eigna- og sjóðastýring fer að mestu fram hjá Kviku eignastýringu.

Starfsemi bankans í Bretlandi fer fram í gegnum dótturfélagið Kvika Limited. Félagið er með starfsleyfi fyrir ákveðnar tegundir fjármálaþjónustu og starfar undir eftirliti breska fjármálaeftirlitsins. Helstu starfssvið félagsins eru fyrirtækjaráðgjöf og framtaksfjárfestingar. Þá veitir félagið óstarfsleyfisskyld veðtryggð lán á Bretlandi og Írlandi í gegnum Örtus sem er vörumerki Kviku Limited.

Hjá Kviku störfuðu 227 starfsmenn í fullu starfi við árslok 2025 í íslensku starfseminni og 26 hjá þeirri bresku. Starfsfólk er með viðtæka reynslu af störfum á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum. Fjármálagerningar Kviku banka eru skráðir á aðalmarkað Nasdaq Iceland (OMX:KVIKA).

Frekari upplýsingar um skipulag, starfsemi, vöruframboð og þjónustu má finna í stjórnarháttayfirlýsingu bankans sem er birt sem viðauki við ársreikning Kviku á vef bankans.



	Fjárfestingabanki	Viðskiptabanki	Bretland	Eignastýring
ÞJÓNUSTA	- Fyrirtækjalán - Sérhæfð lán - Markaðsviðskipti - Fyrirtækjaráðgjöf	- Innlán - Bíla- og tækja-fjármögnun - Bankaþjónusta - Einstaklingslán - Greiðslulausnir	- Fyrirtækjaráðgjöf - Framtaksfjárfestingar - Veðlán	- Einkabankaþjónusta - Sjóðastýring - Framtakssjóðir - Stofnanafjárfestar
VÖRUMERKI	Kvika banki	Kvika banki Lykill Netgíró Aur Auður Straumur Framtíðin	Kvika Limited	Kvika eignastýring

Mynd 4: Þjónusta og vörumerki samstæðu Kviku.



Hagsmunir og sjónarmið hagaðila

Skýringarkröfur: SBM-1 – greinar 42 og 42c. SBM-2 – greinar 45a, 45a i, 45a ii, 45a iii, 45a iv, 45a v og 45c i. IRO-1 – grein 53b iii.

Virðisdeja Kviku og hlutverk bankans innan hennar (með hliðsjón af sjálfbærni) var skoðuð í tviátta mikilvægisgreiningunni árið 2024. Einnig samskipti við hagaðila, sem voru síðan greind enn frekar á árinu 2025 eins og sjá má í töflu 5.

Kvika á í reglulegum og markvissum samskiptum við helstu hagaðila til að skilja væntingar, meta áhrif, áhættur og tækifæri og til að tryggja að sjálfbærnimarkmið og upplýsingagjöf endurspegli mikilvæg málefni. Sjónarmið hagaðila nýtast meðal annars til að bæta upplýsingagjöf og uppfæra stefnur, verklag, markmið og mælikvarða.

Virðisdeja Kviku nær til:

- Þátta sem standa utan starfseminnar en hafa áhrif á hana (e. *upstream*),
- þátta sem tengjast eigin rekstri Kviku (e. *own operations*) og
- vöruframboðs og þjónustu Kviku (e. *downstream*).

Í töflu 5 eru sett fram dæmi sem varpa ljósi á lykilhagaðila Kviku, tilgang og form samskipta við þá og hvernig taka má tillit til upplýsinga og sjónarmiða hagaðila í starfseminni.

Hagaðilar	Staðsetning í virðisdeju	Dæmi um form samskipta við hagaðila	Tilgangur samskipta við hagaðila	Dæmi um hvernig upplýsingarnar geta nýst í starfsemi Kviku
Hluthafar, fjárfestar og lánveitendur.	Þættir fyrir utan starfsemi en hafa áhrif á hana.	▪ Árshlutauppgjör, ársreikningur og sjálfbærnisráðgjöf. ▪ Viðburðir á borð við Fjárfestadag. ▪ UFS-áhættumöt hjá greiningaraðilum. ▪ Kannanir eða viðtöl við hagaðila sem hluti af tviátta mikilvægisgreiningu. ▪ Reglubundin og lögbundin upplýsingagjöf til hagaðila.	Upplýsa um UFS-frammistöðu, stefnu, áhrif, áhættur og tækifæri. Einnig til að fá sjónarmið hagaðila að borðinu.	▪ Sjónarmið hagaðila geta bætt upplýsingagjöf Kviku og nýtast til að staðfesta væntingar markaðarins til áherslna í upplýsingagjöf. ▪ Nýtast meðal annars í greiningarvinnu á borð við tviátta mikilvægisgreiningu og til að skerpa á stefnum.
Þjónustuveitendur og birgjar.	Þættir fyrir utan starfsemi en hafa áhrif á hana.	▪ Áreiðanleikakannanir. ▪ Samningar. ▪ Reglulegir fundir. ▪ Frammistöðumælingar. ▪ Kannanir eða viðtöl sem hluti af tviátta mikilvægisgreiningu.	Tryggja gæði, öryggi, rekstrarsamfellu, upplýsingaöryggi, persónuvernd og ábyrga framkvæmd í virðisdejunni með áhættumiðaðri birgjastýringu.	▪ Stýra áhættu vegna þriðju aðila. ▪ Bæta og uppfæra samninga. ▪ Flokka og hafa eftirlit með birgjum og þjónustu. ▪ Styðja við upplýsingagjöf Kviku til hagaðila.
Löggjafinn, stjórnvöld og eftirlitsaðilar.	Þættir fyrir utan starfsemi en hafa áhrif á hana.	▪ Lögbundin skýrsluskil og fundir. ▪ Svör við fyrirspurnum eða úttektum. ▪ Þátttaka í vinnuhópum.	Tryggja hlitni við lög og reglur, uppfylla upplýsingaskyldu og viðhalda gagnsæjum samskiptum sem auka traust og stöðugleika.	▪ Viðbrögð við lagabreytingum, svo sem að uppfæra ferla, innviði og stjórnarhætti. ▪ Þróa upplýsingagjöf. ▪ Styðja við áhættumat.
Starfsfólk.	Þættir sem tengjast eigin rekstri.	▪ Starfsmannafundur. ▪ Innri miðlar. ▪ Vinnustaðagreiningar. ▪ Púlsmælingar og kannanir. ▪ Starfsmannasamtöl stjórnenda. ▪ Fræðsla og þjálfun.	Tryggja velferð, jafnrétti, mannréttindi, þróun og þátttöku starfsfólks. Styðja við sterka menningu og góða stjórnarhætti.	▪ Uppfæra og setja nýjar stefnur og innri reglur. ▪ Bæta starfsumhverfi. ▪ Stýra áhættu. ▪ Móta markmið og mælikvarða. ▪ Styðja við greiningar tengdar UFS-þáttunum, þ. á m. tviátta mikilvægisgreiningu.
Viðskiptavinir (einstaklingar og fyrirtæki).	Vöruframboð og þjónusta.	▪ Þjónustukannanir. ▪ Kvartanir, ábendingar og samskipti í gegnum þjónustuver og stafrænar lausnir. ▪ Fræðsla og upplýsingagjöf. ▪ Skilmálar og samningar. ▪ Reglubundin og lögbundin upplýsingagjöf.	Efla traust, gagnsæi og tryggja ábyrga ráðgjöf. Einnig að þróa vörur og þjónustu í takt við þarfir viðskiptavina sem og að tryggja neytendavernd.	▪ Bæta þjónustu og upplifun. ▪ Vöruþróun. ▪ Greina áhrif, áhættur og tækifæri. ▪ Fylgja eftir ánægju og trausti. ▪ Styðja við tviátta mikilvægisgreiningu.

Tafla 5: Samskipti við lykilhagaðila.



Mikilvæg áhrif, áhættur og tækifæri og tengsl þeirra við stefnur og viðskiptalíkan


Skýringarkrafa: SBM-3 – grein 48a.

Niðurstöður tviátta mikilvægisgreiningar Kviku

Mynd 5 sýnir niðurstöður tviátta mikilvægisgreiningar Kviku sem framkvæmd var haustið 2024. Þeir sjálfbærniþættir sem taldir eru mikilvægastir í starfsemi bankans liggja á ljósari fletinum að frátöldum þættinum E1 – Loftslagsbreytingar: mótvægi við loftslagsbreytingar sem var lyft upp og skilgreindur sem mikilvægur eftir samtöl við hagaðila og umræður í stýrihópi Kviku. Sú ákvörðun endurspeglar stefnu og vilja Kviku til að gera vel í loftslagsmálum og þá áhættu sem stafar af loftslagsbreytingum til lengri tíma. Nánar er fjallað um ferlið við að meta áhrif, áhættur og tækifæri í kaflanum *Stýring áhrifa, áhættu og tækifæra*. Þá má sjá dæmi um áhrif, áhættur og tækifæri í starfsemi Kviku í næsta kafla.

Mikilvægir sjálfbærniþættir og undirþættir

- E1–Loftslagsbreytingar: Mótvægi við loftslagsbreytingar
Climate change: Climate change mitigation
- S1–Starfsfólk: Vinnuskilyrði
Own workforce: Working condition
- S1–Starfsfólk: Jöfn meðferð og tækifæri fyrir öll
Own workforce: Equal treatment and opportunities for all
- S4–Neytendur og endanotendur : Áhrif tengd upplýsingagjöf á neytendur og endanotendur
Consumers and end-users: Information related impacts for consumers and end-users
- G1–Viðskiptahættir: Vinnustaðamenning
Business conduct: Corporate culture
- G1–Viðskiptahættir: Spilling og mútur
Business conduct: Corruption and bribery
- G1–Viðskiptahættir: Vernd uppljóstrara
Business conduct: Protection of whistle blowers
- ES–Stafræn umbreyting
Digital transformation
- ES–Regluverk fjármálamarkaða
Financial market regulatory framework



Mynd 5: Niðurstöður tviátta mikilvægisgreiningar Kviku frá 2024.



Áhrif, áhættur og tækifæri

Í tviátta mikilvægisgreiningunni voru áhrif, áhættur og tækifæri greind með hliðsjón af mikilvægum sjálfbærniþáttum og undirþáttum. Einnig var metið hvar í virðiskeðjunni áhrifanna gætir (hvar áhætturnar eða tækifærin eiga við) og hvort áhrifin séu jákvæð eða neikvæð, raunveruleg eða hugsanleg.

Í töflu 6 er lýst helstu áhrifum, áhættum og tækifærum í starfseminni, sem tengjast mikilvægum sjálfbærniþáttum Kviku. Innan Kviku er enn unnið úr greindum áhrifum, áhættum og tækifærum, þar á meðal með tilliti til þess hvernig samspil þessara þátta er við stefnu og viðskiptalíkan, sjá þó einnig umfjöllun í kaflanum *Stýring áhrifa, áhættu og tækifæra*.

Sjálfbærniþáttur og undirþáttur	Áhrif, áhættur og tækifæri	
E1 – Mótvægi við loftslagsbreytingar	Áhrif	Jákvæð áhrif Kviku á loftslagsbreytingar eru einkum í gegnum græna og ábyrga fjármögnun. Skortur á slíkri nálgun og aðgerðum getur aukið loftslagsáhættu og haft neikvæð áhrif á samfélag og umhverfi.
	Áhætta	Loftslagsbreytingar geta meðal annars drifið áfram útlánaáhættu vegna aukins kostnaðar lántaka og hlitingaráhættu vegna breytinga á sjálfbærniregluverki. Einnig er hættu á aukinni orðsporsáhættu vegna hugsanlegrar fjármögnunar mengandi atvinnugreina.
	Tækifæri	Tækifæri felast í grænni fjármögnun og tengdum fjármálagerningum.
S1 – Vinnuskilyrði	Áhrif	Kvika getur haft jákvæð áhrif á starfsfólk með því að tryggja að vinnustaðurinn sé heilsusamlegur, til dæmis með hollum mat í mötuneyti, hvatningu til að iðka hreyfingu og lágmörkun streituvalda, til að mynda með sveigjanlegum vinnutíma. Neikvæð áhrif kunna að felast í auknu álagi, streitu eða óöryggi vegna óhagstæðs vinnutíma, óskýrrar umbunar eða áreitni.
	Áhætta	Áhætta felst í því að helgun starfsfólks minnki sökum þess að það upplifir streitu, vanlíðan eða áreitni.
	Tækifæri	Tækifæri felast í því að efla starfsfólk, halda góðum tengslum við það og auka hæfni þess.
S1 – Jöfn meðferð og tækifæri fyrir öll	Áhrif	Kvika getur haft jákvæð áhrif með því að tryggja jafnrétti kynjanna og réttindi starfsfólks og veita viðeigandi fræðslu. Einnig með skýrum viðbrögðum við mismunun og áreitni. Hins vegar ef ferlar eru óskýrir eða framkvæmd ekki nógu góð getur mismunun, áreitni eða ójafn aðgangur að tækifærum haft neikvæð áhrif á velferð starfsfólks og starfsþróun.
	Áhætta	Áhætta felst í vanlíðan starfsfólks og stöðnun vegna skorts á fræðslu og endurmenntun sem gæti meðal annars haft slæm áhrif á heilsu starfsfólks og því aukið fjarveru og starfsmannaveiltu.
	Tækifæri	Tækifæri felast í að efla hæfni starfsfólks til dæmis með fræðslu og menntun og gæta að jafnræði í starfsmannahópnum.
S4 – Upplýsingagjöf og upplýsingaöryggi tengt neytendum og endanotendum	Áhrif	Með því að tryggja öfluga persónuvernd og upplýsingaöryggi leggur Kvika grunn að jákvæðum áhrifum á viðskiptavinum sína. Einnig með því að sinna upplýsingagjöf til neytenda og fjárfesta eins og lög gera ráð fyrir. Neikvæð áhrif á neytendur geta falist í ófullnægjandi upplýsingagjöf eða veikleikum í upplýsingaöryggi.
	Áhætta	Áhættan felst í mögulegum brotum á lögum um persónuvernd og hugsanlegum sektum. Einnig felst áhætta í því ef upplýsingagjöf Kviku út á við er óskýr, villandi eða röng en allt þetta getur haft áhrif á réttindi neytenda, fjárhagslegt öryggi og traust. Þá er áhætta á sviksemi vegna veikleika í upplýsingaöryggi.
	Tækifæri	Tækifæri liggja í öflugum öryggisráðstöfunum, þar á meðal öflugum upplýsingaöryggi, vörubróun, fjármálafræðslu og góðri upplýsingagjöf.



G1 – Vinnustaðamenning	Áhrif	Kvika getur haft jákvæð áhrif með því að tryggja að áhersla sé lögð á góða hlitingarmenningu innan samstæðunnar og fullnægjandi eftirlit, að allt starfsfólk sé meðvitað um ábyrgð sína í áhættustýringu fjármálafyrirtækis og að áhættumenning sé sterk og samræmd. Neikvæð áhrif geta hlotist af veikri eða óheilbrigðri vinnustaðamenningu sem hefur neikvæð áhrif á starfsumhverfi, orðspor og traust hagaðila.
	Áhætta	Áhætta felst í því að Kvika hliti ekki öllum þeim reglum sem um starfsemina gilda sökum þess að starfsfólk er ekki meðvitað um eða fylgi ekki reglum, ef háttsemi þeirra er slæm eða af sökum ábyrgðarleysis.
	Tækifæri	Tækifæri liggja í fræðslu til starfsfólks og þjálfun, öflugri áhættustýringu og regluvörslu til að draga úr áhættu.
G1 – Spilling og mútur	Áhrif	Kvika hefur jákvæð áhrif með öflugu innra regluverki og stefnum. Neikvæð áhrif geta hlotist af ófullnægjandi vörnum gegn spillingu og mútum, í ólögumætum viðskiptaháttum, refsingum og tapi á trausti.
	Áhætta	Áhætta liggur í því að starfsfólk fylgi ekki stefnu og reglum bankans um varnir gegn spillingu og mútum sem getur leitt til brota, viðurlaga og neikvæðra áhrifa á ímynd bankans.
	Tækifæri	Tækifæri liggja í virku innra eftirliti, aukinni fræðslu og þjálfun starfsfólks til að koma í veg fyrir að atvik tengd spillingu og mútum komi upp. Þannig má draga úr áhættu og hugsanlegum neikvæðum áhrifum.
G1 – Vernd uppljóstrara	Áhrif	Kvika hefur jákvæð áhrif með því að leggja ríka áherslu á að starfa í samræmi við lög og reglur, væntingar eftirlitsaðila og heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Verði starfsfólk vart við brot, möguleg brot eða tilraun til brots á lögum sem gilda um starfsemina eða aðra ámælisverða háttsemi skal það koma tilkynningu þess efnis til regluvarðar. Mögulegt er að tilkynna slík brot með nafnlausum hætti. Neikvæð áhrif geta hlotist ef vernd uppljóstrara er ófullnægjandi eða ef fyrirtækjamenning hamlar því að starfsfólk stigi fram.
	Áhætta	Helsta áhættan er sú að fyrirtækjamenningin sé slík að starfsfólk stigi ekki fram með slíkar tilkynningar og það getur meðal annars leitt til óuppgötvaðra brota og áhættu.
	Tækifæri	Tækifæri felast í því að styrkja fyrirtækjamenningu og traust. Einnig í því að stuðla að betri reglufylgni og minni kostnaði þar sem virkt kerfi getur komið í veg fyrir alvarleg mál, tilvik, sektir og viðurlög.
ES – Stafræn umbreyting	Áhrif	Kvika hefur jákvæð áhrif með því að leggja áherslu á fjártækni og sjálfvirknivæðingu ferla í starfseminni sem skilar sér í aukinni skilvirkni og betra aðgengi til viðskiptavina og nýjungum í vöruframboði.
	Áhætta	Hætta er á að Kvika dragist aftur úr samkeppninni ef tækifæri eru ekki fullnýtt.
	Tækifæri	Tækifæri liggja í stafrænni vöruþróun, sjálfvirknivæðingu ferla og gervigreind.
ES – Regluverk fjármálamarkaða	Áhrif	Með virkri regluvörslu og áhættustýringu, skýrum ferlum og hlitingarmenningu er stuðlað að stöðugleika, trausti og heilbrigðum fjármálamarkaði auk verndar fyrir viðskiptavinum og aðra hagaðila. Neikvæð áhrif geta hins vegar hlotist af ófullnægjandi fylgni við regluverk fjármálamarkaða sem leiðir af sér brot á lögum, viðurlög, niðurfellingu leyfa eða tapað traust auk neikvæðra áhrifa á réttindi viðskiptavina.
	Áhætta	Áhætta felst í sektum og viðurlögum sökum ófullnægjandi innleiðingar nýrra lögjafa og regluverks. Einnig felst áhætta í því að háttsemi starfsfólks eða óskýrir ferlar valdi því að gildandi regluverki sé ekki fylgt.
	Tækifæri	Tækifæri felast í því að hafa öfluga og skilvirka ferla við innleiðingu löggjafa sem og góða þjálfun og fræðslu fyrir starfsfólk og viðskiptavinum.

Tafla 6: Dæmi um áhrif, áhættur og tækifæri sem tengjast í mikilvægum sjálfbærniþáttum og undirþáttum Kviku.



Stýring áhrifa, áhættu og tækifæra

Ferlið við að greina og meta áhrif, áhættu og tækifæri

Skýringarkröfur: IRO-1 – greinar 53a, 53b iii og E1.IRO-1 – grein AR 12a.

Kvika metur áhrif, áhættur og tækifæri tengd sjálfbærni með ferli sem samþætt er áhættustýringu og stefnumótun bankans. Ferlið styður við ákvarðanatöku, forgangsörðun aðgerða og gagnsæja upplýsingagjöf samkvæmt ESRS.

Tvíátta mikilvægisgreining var framkvæmd haustið 2024 til þess að skilgreina mikilvæga sjálfbærniþætti í starfsemi Kviku og leggja grunn að hlitingu við komandi löggjöf um sjálfbærniupplýsingagjöf (CSRD). Áherslur í sjálfbærni, auðkenning áhættupátta, stefnumótun og upplýsingagjöf byggja á niðurstöðum greiningarinnar, sem er nauðsynlegur grunnur að frekari greiningu og mati Kviku á sjálfbærniáhættu. Niðurstöðurnar lágu fyrir í desember 2024 og fór töluverð vinna á árinu 2025 í að vinna frekar úr þeim.

Mikilvægisgreiningin var framkvæmd á samstæðugrundvelli. Stór hópur starfsfólks kom að vinnunni en starfsfólk tók þátt í stýrihópi verkefnisins og vinnuhópi þar sem áhrif, áhættur og tækifæri voru auðkennd sem og skali (e. *scale*), umfang (e. *scope*), óafturkræfni (e. *irremediability*) og líkur auðkenndra áhrifa, áhættupátta og tækifæra. Starfsfólk kom einnig að vinnunni sem innri hagaðilar til samráðs og staðfestingar á niðurstöðunum.

Hluti af greiningarvinnu vinnuhópanna fólst í því að greina áhættur og tækifæri á sviði loftslagsmála og kortleggja hvenær áhætturnar eða tækifærin eru líkleg til að raungerast. Stuðst var við fjóra tímaramma⁴ í greiningarferlinu sem falla að kröfum ESRS (e. *time horizons*) en þeir voru skammur tími (innan árs), meðallangur tími (1-5 ár), langur tími (5-10 ár) og mjög langur tími (meira en 10 ár). Til að afmarka áherslur og forgangsörðun sjálfbærnimálefna skýrt var mikilvægis-

⁴ Tímarammarnir segja til um það hvenær áætlað sé að tiltekinn atburður raungerist, ekki hve oft atburðurinn muni eiga sér stað. Gera má ráð fyrir að einhverjir atburðir komi til með að hafa áhrif á starfsemi Kviku til skemmri, meðallangs, langs og mjög langs tíma en ekki var tekið tillit til þess í þessari greiningu heldur eingöngu hvenær atburðirnir munu líklega raungerast.

þröskuldurinn settur hátt.⁵

Fjallað er nánar um niðurstöður tvíátta mikilvægisgreiningarinnar í kaflanum *Mikilvæg áhrif, áhættur og tækifæri og tengsl þeirra við stefnur og viðskiptalíkan*. Hvað varðar nánari lýsingu á framkvæmd tvíátta mikilvægisgreiningarinnar visast til Sjálfbærnisráðs Kviku fyrir árið 2024.

Stýring sjálfbærniáhættu

Skýringarkrafa E1.SBM-3 – grein 18.

Stefna Kviku banka um sjálfbærniáhættu sem samþykkt var af stjórn felur í sér umgjörð um hvernig skuli greina, meta, vakta, stýra og upplýsa um sjálfbærniáhættu á skilvirkan og gagnsæjan hátt, þannig að tryggja megi hlitingu við innri og ytri kröfur.

Stefnan er sett fram með vísan í áhættustefnu samstæðu Kviku banka og gildir fyrir alla starfsemi bankans. Hún tekur mið af gildandi reglum og lagakröfum eins og við á, þar á meðal viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um stýringu áhættu vegna umhverfis, félagslegra þátta og stjórnarháttá (EBA/GL/2025/01). Stefnan var endurskoðuð og uppfærð af stjórn Kviku í september 2025 og var gildissvið hennar aukið frá því að einblína einungis á loftslagsáhættu yfir í að taka heildstætt til allrar sjálfbærniáhættu Kviku samkvæmt niðurstöðum tvíátta mikilvægisgreiningarinnar frá 2024.

Stefna Kviku banka um sjálfbærniáhættu og áhættustefna samstæðu mynda saman öfluga umgjörð um hvernig skuli auðkenna, leggja mat á og stýra áhættu. Stjórn, stjórnendur og áhættustýring gegna mikilvægu hlutverki í ferlinu og er upplýsingagjöf til stjórnar, fagnefnda og eftirlitsaðila virk.

Greining og mat á sjálfbærniáhættu Kviku er tvíþætt: Annars vegar er sjálfbærniáhætta greind og metin út frá starfsemi Kviku og hins vegar út frá ólíkum atvinnugreinum sem Kvika snertir á í starfsemi sinni.

⁵ Þröskuldur fjárhagslegs mikilvægis var skilgreindur sem 6,59 og þröskuldur áhrifamikilvægis var skilgreindur sem 7,98. Skilgreining mikilvægisþröskulds miðaði við meðalskor sjálfbærniþátta að viðbættum fastanum 3,5.



a) Greining og mat á sjálfbærniáhættu í starfseminni

Í kjölfar tvíátta mikilvægisgreiningar voru niðurstöðurnar kortlagðar samkvæmt skilgreiningu á sjálfbærniáhættu og markaði sú kortlagning undirþætti sjálfbærniáhættu Kvikú.⁶ Þá var ljóst að loftslagsáhætta birtist Kvikú fyrst og fremst sem umbreytingaráhætta og falla þeir loftslagsáhættupættir sem tengjast mikilvægum sjálfbærniþáttum helst undir lagalega áhættu og orðsporsáhættu. Þrátt fyrir niðurstöður þessarar greiningar er Kviká meðvituð um möguleg áhrif raunlægrar áhættu á samstæðuna og hagkerfið í heild. Áfram verður fylgst með þróun aðferða við mat á áhrifum raunlægrar loftslagsáhættu.

Á árinu 2025 var unnið að frekari auðkenningu, greiningu og mati á sjálfbærniáhættu út frá starfsemi hverrar skipulagseiningar Kvikú. Framkvæmdastjórar og forstöðumenn Kvikú unnu greininguna í samvinnu við áhættustýringu. Við mat á auðkenndum áhættupáttum var meðal annars tekin afstaða til áhrifa áhættunnar á aðra áhættupætti, þar með talið rekstraráhættu, útlánaáhættu og markaðsáhættu. Auðkenning, greining, mat á og eftirlit með sjálfbærniáhættu fylgir stöðluðu ferli innan Kvikú.

b) Áhættumat atvinnugreina og útgefenda verðbréfa

Kviká hefur síðan árið 2020 fylgt stefnu um ábyrgar fjárfestingar og lánveitingar. Leitast er við að meta sjálfbærniáhættu fjárfestinga og lána en til þess hefur áhættumat verið þróað sem mun koma til með að auðvelda aðgengi að upplýsingum við að meta sjálfbærniáhættu.

Framkvæmd áhættumatsins er tvískipt. Annars vegar er áhættumatið framkvæmt á atvinnugreinum og sýna niðurstöður þess vægi sjálfbærniáhættupátta innan ólíkra atvinnugreina og hins vegar er áhættumatið framkvæmt á einstök félög og byggja niðurstöður þess á vægi ólíkra sjálfbærniáhættupátta innan atvinnugreina félagsins auk þeirra aðgerða sem félagið hefur gripið til í sjálfbærnimálum.

Lánabók fyrirtækjalána á lánasviði Kvikú banka hefur verið borin saman við áhættumat atvinnugreina til að greina vægi sjálfbærniáhættupátta í lánabókinni. Þessi greining sýnir hvaða sjálfbærniáhættupáttum lánasvið Kvikú stendur helst frammi fyrir en um 97% fyrirtækjalána á lánasviði eru til félaga sem starfa í þeim atvinnugreinum sem hafa verið metnar út frá sjálfbærniáhættu. Greining sem þessi myndar grunn að frekari greiningu og mati á sjálfbærniáhættu vegna útlánastarfsemi Kvikú.

Árlega áætla Kviká fjármagnaða losun (losun vegna lána- og fjárfestingastarfsemi félagsins samkvæmt aðferðafræði PCAF). Sú áætlun hjálpar meðal annars við að greina umhverfisáhrif ólíkra atvinnugreina og auðveldar Kvikú að bera kennsl á þau félög sem eru líkleg til að vera útsett gagnvart loftslagsáhættu. Nánar er fjallað um fjármagnaða losun Kvikú í kaflanum *Áætluð fjármögnuð losun Kvikú fyrir árið 2024*.

Sjálfbærniáhætta					
Umhverfi				Félagslegir þættir	
Loftslagsáhætta				Eigin starfsemi	Samfélag
Raunlæg áhætta		Umbreytingaráhætta			
Atburðardríf	Langvarandi	Lagaleg áhætta	Tækniþreytingar	Markaðsþreytingar	Orðsporsáhætta

Mynd 6: Myndræn framsetning á skilgreiningu Kvikú á sjálfbærniáhættu.

⁶ Undirþættir sjálfbærniáhættu Kvikú eru umbreytingaráhætta: lagaleg áhætta, markaðsþreytingar, orðsporsáhætta, félagslegir þættir og stjórnarhættir. Engir áhættupáttir voru auðkenndir í undirflokknum tækniþreytingar.



Stefnur sem tengjast mikilvægum sjálfbærniþáttum

Skýringarkröfur: MDR–P – greinar 65a, 65b og 65c.

Í þessum kafla má finna yfirlit yfir helstu stefnur og innri reglur Kvikú sem tengjast mikilvægum sjálfbærniþáttum bankans og styðja við stýringu á áhrifum, áhættum og tækifærum á sviði sjálfbærni.

Stefnurnar og reglurnar eru samþættar í stjórnarháttum, innra eftirliti og áhættustýringu Kvikú og skilgreina meðal annars markmið, ábyrgð, verklag og eftirfylgni. Eftirfylgnin miðar að því að fyrirbyggja eða draga úr neikvæðum áhrifum, efla jákvæð áhrif, stýra áhættum og nýta tækifæri sem styðja við sjálfbærni og langtímaverðmætasköpun.

Umræddar stefnur og reglur eru ýmist samþykktar af stjórn Kvikú, forstjóra, fagnefndum eða viðkomandi stjórnendum. Ábyrgð á innleiðingu liggur hjá forstjóra og þeim framkvæmdastjórum og öðrum stjórnendum sem málefna-svið viðkomandi stefnu eða reglu tengist. Hluti af stefnum Kvikú eða útdráttur úr þeim hefur verið birtur á vef Kvikú banka og dótturfélaga í samræmi við kröfur þar um. Stefnurnar og reglurnar eru endurskoðaðar reglulega og uppfærðar eftir þörfum með hliðsjón af lagakröfum, niðurstöðum tviátta mikilvægisgreiningar og þróunar á áhrifum, áhættum og tækifærum í virðiskeðju félagsins.

Upptalningin í töflu 7 er ekki tæmandi þar sem áfram er unnið að greiningu innan Kvikú á því hvaða stefnur, reglur og verklagslýsingar falla undir hvern sjálfbærniþátt og undirþátt í samræmi við ESRs-kröfur.

Stefna/innri reglur	Lýsing á innihaldi	Gildissvið gagnvart mikilvægum sjálfbærniþáttum
Viðskiptastefna	Eitt af leiðarljósum Kvikú er að auka samkeppni og einfalda fjármál viðskiptavina með því að nýta innviði og fjárhagslegan styrk. Framtíðarsýn Kvikú er að umbreyta fjármálaþjónustu á Íslandi með gagnkvæman ávinning að leiðarljósi. Gildi Kvikú eru langtímahugsun, einfaldleiki og hugrekki. Áhersla er lögð á að hugsa til framtíðar og stuðla að sjálfbæru samfélagi með virkri þátttöku. Einnig að setja sig í spor viðskiptavinarins, hugsa hlutina upp á nýtt og velja verkefni sem skila sem mestum ávinningi fyrir viðskiptavinum og bankann til framtíðar. Horfa skal til sjálfbærni við ákvarðanatöku.	E1 – Loftslagsbreytingar S1 – Starfsfólk S4 – Neytendur og endanotendur ES – Stafræn umbreyting G1 – Viðskiptahættir ES – Regluverk fjármálamarkaða
Sjálfbærnistefna	Stefnan styður við viðskiptastefnu Kvikú og felur í sér sameiginlega sýn á nálgun á sjálfbærni innan samstæðunnar. Unnið er út frá fjórum áhersluþáttum: 1) góðir stjórnarhættir, 2) velliðan og velgengni starfsfólks, 3) ábyrg og traust þjónusta og 4) sjálfbær fjármál og fjártækni. Kvika hefur valið sér fjögur heimsmarkmið SP til að styðja við og hefur bankinn tengt markmiðin við áherslur sínar í sjálfbærni.	E1 – Loftslagsbreytingar S1 – Starfsfólk S4 – Neytendur og endanotendur ES – Stafræn umbreyting G1 – Viðskiptahættir ES – Regluverk fjármálamarkaða
Umhverfisstefna	Markmið stefnunnar er að setja viðmið um að Kvika þekki umhverfisáhrif starfsemi sinnar og að leitast sé við að draga úr neikvæðum áhrifum af starfseminni á umhverfið.	E1 – Loftslagsbreytingar S1 – Starfsfólk G1 – Viðskiptahættir
Mannauðsstefna	Tryggir sameiginlega sýn á lykiláherslur í mannauðsmálum og hvað samstæða Kvikú stendur fyrir sem vinnustaður. Gildir fyrir samstæðu Kvikú en dótturfélög geta útfært ákveðna þætti í takt við þeirra starfsemi.	S1 – Starfsfólk G1 – Viðskiptahættir
Jafnréttisstefna	Stefnunni er ætlað að tryggja starfsfólki jöfn tækifæri og er hún unnin í samræmi við lög og reglur á sviði jafnréttis.	S1 – Starfsfólk G1 – Viðskiptahættir
Heilsustefna	Markmið stefnunnar er að bæta lífsgæði og vinnuumhverfi starfsfólks og viðhalda starfsánægju og góðum starfsanda. Stefnan tekur tillit til líkamlegrar og andlegrar heilsu starfsfólks á vinnustaðnum.	S1 – Starfsfólk G1 – Viðskiptahættir
Fjarvinnustefna	Kvika vill leggja sitt af mörkum til að stuðla að betra jafnvægi milli vinnu og einkalífs starfsfólks með auknum sveigjanleika. Stefnan styður einnig við stefnu Kvikú í umhverfis- og samgöngumálum þar sem henni er ætlað að stuðla að færri ferðum starfsfólks til og frá vinnu með tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda.	E1 – Loftslagsbreytingar S1 – Starfsfólk G1 – Viðskiptahættir
Stefna um starfslok vegna aldurs	Fjallar um áherslur Kvikú og dótturfélaga við starfslok vegna aldurs.	S1 – Starfsfólk G1 – Viðskiptahættir
Fræðslustefna	Markmið Kvikú er að þar starfi árangursdrifið fólk með faglegan metnað. Til að stuðla að því að Kvika sé ávallt fremst í flokki á sínu sviði er mikilvægt að starfsfólk sé vel þjálfað og meðvitað um nýjungar á sínu sviði.	S1 – Starfsfólk G1 – Viðskiptahættir
Samgöngustefna	Markmið stefnunnar er að stuðla að því að starfsfólk noti vistvænan, hagkvæman og heilsusamlegan ferðamáta til að hafa jákvæð áhrif á umhverfið og sýna gott fordæmi. Markmið stefnunnar er einnig að efla vitund starfsfólks um vistvænar samgöngur.	E1 – Loftslagsbreytingar S1 – Vinnuskilyrði G1 – Viðskiptahættir



Stefna/innri reglur	Lýsing á innihaldi	Gildissvið gagnvart mikilvægum sjálfbærniþáttum
Stefna og viðbragðsáætlun vegna eineltis, áreitni og ofbeldis	Kvika fordæmir og mun ekki liða einelti, áreitni, ofbeldi eða aðra ótilhlýðilega háttsemi á vinnustaðnum. Stefna þessi og viðbragðsáætlun er sett fram til að bregðast við aðstæðum þar sem starfsmaður eða hópur starfsfólks telur sig verða fyrir einelti, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni, ofbeldi eða annarri ótilhlýðilegri háttsemi á vinnustað.	S1 – Starfsfólk G1 – Viðskiptahættir
Stefna um ábyrgt vöru- og þjónustuframboð	Fjallar um að horfa skal til UFS-þáttanna við stofnun nýrrar vöru eða þjónustu og við þróun þeirra.	E1 – Loftslagsbreytingar ES – Stafræn umbreyting G1 – Viðskiptahættir
Stefna um ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar	Horfa skal til UFS-þáttanna við lánveitingar, breytingu á skilmálum útlána, endurfjármögnun og við töku ákvarðana um fjárfestingar í þeim tilgangi að auka jákvæð áhrif af starfsemi Kviku.	E1 – Loftslagsbreytingar G1 – Viðskiptahættir
Síðareglur	Síðareglurnar eru grunnviðmið góðra viðskiptahátta og ber starfsfólki að hafa þær að leiðarljósi í samskiptum sínum við viðskiptavinum og aðra aðila í tengslum við störf sín fyrir hönd bankans.	S1 – Starfsfólk G1 – Viðskiptahættir
Starfskjarastefna	Meginmarkmið stefnunnar er að gera Kviku að eftirsóknarverðum vinnustað fyrir hæfa og metnaðarfulla einstaklinga og stuðla að langtímasambandi Kviku við starfsfólk. Stefnan tekur meðal annars mið af sjálfbærni.	S1 – Starfsfólk G1 – Viðskiptahættir
Persónuverndarstefna	Veitir meðal annars upplýsingar um hvaða persónuupplýsingum bankinn safnar, hvernig þær eru unnar og í hvaða tilgangi, hversu lengi þær eru geymdar og hvort þeim sé miðlað og hvernig öryggi upplýsinganna er gætt í starfsemi bankans.	S1 – Starfsfólk S4 – Neytendur og endanotendur G1 – Viðskiptahættir ES – Regluverk fjármálamarkaða
Upplýsingaöryggisstefna	Styður við samfelldan rekstur og þjónustu. Miðar að því að lágmarka rekstraráhættu og hámarkar öryggi verðmæta í eigu og umsjón Kviku.	S1 – Starfsfólk S4 – Neytendur og endanotendur G1 – Viðskiptahættir ES – Stafræn umbreyting ES – Regluverk fjármálamarkaða
Upplýsingatæknistefna	Styður við viðskiptastefnu Kviku og þróast í takt við breytingar á henni. Stefnan tekur utan um tækniþverfi Kviku, þar á meðal upplýsingakerfi og innviði. Lögð er áhersla á öruggan, hagkvæman og skilvirkan rekstur upplýsingatækniþerfa.	G1 – Viðskiptahættir S4 – Neytendur og endanotendur ES – Stafræn umbreyting ES – Regluverk fjármálamarkaða
Stefna Kviku um tilhögun þriðju aðila	Tilgreinir helstu þætti sem varða tilhögun birgja og þjónustuveitenda Kviku banka, þar með talið samskipti, samninga og eftirlit með þriðju aðilum. Stefnan skilgreinir meginreglur, ábyrgð og ferla í tengslum við þriðju aðila.	G1 – Viðskiptahættir ES – Stafræn umbreyting ES – Regluverk fjármálamarkaða
Stefna um samfelldan rekstur	Tilgangur stefnunnar er að tryggja rekstraröryggi og samfelldan rekstur Kviku í samræmi við frumvarp með lögum um stafrænan viðnámsþrótt fjármálamarkaða (reglugerð ESB nr. 2022/2554 eða „DORA“). Tryggja skal að starfsemi Kviku geti haldið áfram eða verið endurreist eins fljótt og auðið er í kjölfar hugsanlegra alvarlegra frávika eða röskunar á starfsemi, svo sem vegna tæknibilana, netárasar eða annarra óvæntra atburða.	S4 – Neytendur og endanotendur G1 – Viðskiptahættir ES – Stafræn umbreyting ES – Regluverk fjármálamarkaða
Stefna Kviku banka um sjálfbærniáhættu	Felur í sér umgjörð um hvernig skuli greina, meta, vakta, stýra og upplýsa um sjálfbærniáhættu á skilvirkan hátt innan bankans. Stefnan markar skilvirkan og gagnsæjan ramma fyrir stjórnun sjálfbærniáhættu þannig að tryggja megi hlitingu við innri og ytri kröfur.	E1 – Loftslagsbreytingar S1 – Starfsfólk S4 – Neytendur og endanotendur ES – Stafræn umbreyting G1 – Viðskiptahættir ES – Regluverk fjármálamarkaða



Stefna/innri reglur	Lýsing á innihaldi	Gildissvið gagnvart mikilvægum sjálfbærniþáttum
Áhættustefna samstæðu Kviku banka	Stefnan gildir fyrir samstæðuna og lýsir umgjörð sem stjórn Kviku banka hefur sett um áhættustýringu og áhættuvilja samstæðunnar.	E1 – Loftslagsbreytingar S1 – Starfsfólk S4 – Neytendur og endanotendur ES – Stafræn umbreyting G1 – Viðskiptahættir ES – Regluverk fjármálamarkaða
Stefna Kviku banka um rekstraráhættu	Felur í sér umgjörð um hvernig skuli greina, meta, vakta, stýra og upplýsa um rekstraráhættu á skilvirkan hátt innan bankans. Stefnan markar skilvirkan og gagnsæjan ramma fyrir stjórnun rekstraráhættu þannig að tryggja megi hlítinu við innri og ytri kröfur.	S1 – Starfsfólk ES – Stafræn umbreyting G1 – Viðskiptahættir ES – Regluverk fjármálamarkaða
Reglur um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka	Markmið reglnanna er að koma í veg fyrir að starfsemi bankans og dótturfélaga verði notuð til peningþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Reglunum er ætlað að sjá til þess að fullnægjandi eftirlit sé með greindum áhættuþáttum svo hægt sé með skilvirkum hætti að draga úr þeim og stýra.	S1 – Starfsfólk G1 – Viðskiptahættir ES – Regluverk fjármálamarkaða
Reglur um verkferil við tilkynningar starfsfólks um brot á lögum eða árnælisverða háttsemi	Reglunum er ætlað að tryggja að ferli við úrvinnslu tilkynninga starfsfólks um brot, möguleg brot og tilraunir til brota á lögum og reglum sem gilda um starfsemi Kviku og aðra árnælisverða háttsemi sé í samræmi við lög og reglur. Markmiðið er að stuðla að því að upplýst verði um lögbrot og aðra árnælisverða háttsemi og spornað við slíku hátterni.	S1 – Starfsfólk G1 – Viðskiptahættir ES – Regluverk fjármálamarkaða
Stefna samstæðu Kviku um aðgerðir gegn efnahagsbrotum	Markmið stefnunnar er að koma eftir fremsta megni í veg fyrir að starfsemi Kviku verði notuð til hvers konar efnahags- og auðgunarbrot. Stefnunni er ætlað að sjá til þess að fullnægjandi eftirlit sé með greindum áhættuþáttum í starfseminni.	S1 – Starfsfólk G1 – Viðskiptahættir ES – Regluverk fjármálamarkaða
Heildarreglur um ráðstafanir gegn hagsmunaaðrekstrum	Markmið reglnanna er að takmarka hagsmunaaðrekstra, auka trúverðugleika bankans og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaaðrekstra í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu. Í reglunum er meðal annars fjallað um eftirfarandi þætti: eigin viðskipti starfsfólks, gjafir, umbun og hvatagreiðslur, heimildir starfsfólks til þátttöku í atvinnurekstri, viðskipti starfsfólks við Kviku, viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning og aðskilnað starfssviða hjá Kviku.	S1 – Starfsfólk G1 – Viðskiptahættir ES – Regluverk fjármálamarkaða
Stefna um hlítinu	Stefna samstæðunnar um hlítinu gildir fyrir alla starfsemina, starfsfólk og stjórnarmeðlimi. Stefnunni er ætlað að tryggja að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög, reglur, tilmæli og leiðbeiningar á hverjum tíma. Jafnframt að skýra hlutverk og ábyrgð á hlítinu innan samstæðu og tryggja að fullnægjandi eftirlit sé ávallt til staðar. Þá fjallar stefnan um tilvist og hlutverk regluvörslu sem skal hafa eftirlit með hlítinargráhættu og styðja við það starfsfólk sem ber ábyrgð á hlítinu í daglegum störfum.	S1 – Starfsfólk G1 – Viðskiptahættir ES – Regluverk fjármálamarkaða
Stefna um stjórnarhætti samstæðu	Stefna bankans um stjórnarhætti á samstæðugrundvelli hefur það að markmiði að samstæða bankans í heild viðhafi á hverjum tíma góða stjórnarhætti.	S1 – Starfsfólk G1 – Viðskiptahættir ES – Regluverk fjármálamarkaða

Tafla 7: Stefnur og reglur Kviku sem fjalla um málefni tengd mikilvægum sjálfbærniþáttum.



Aðgerðir og úrræði tengd mikilvægum sjálfbærniþáttum

Skýringarkrafa: MDR-A – grein 68a.

Tafla 8 dregur saman helstu aðgerðir og úrræði sem Kvika hefur innleitt eða ráðist í til að bregðast við áhrifum, áhættu og tækifærum sem tengjast mikilvægum sjálfbærniþáttum bankans og undirþáttum þeirra. Aðgerðirnar endurspeglar þá nálgun sem Kvika beitir til að fyrirbyggja eða draga úr neikvæðum áhrifum, auka jákvæð áhrif, stýra áhættu og nýta tækifæri í virðiskeðjunni.

Umfjölluninni er ætlað að varpa ljósi á lykilaðgerðir, tengsl þeirra við viðeigandi sjálfbærniþætti og hvernig þeim er fylgt eftir. Upptalningin er ekki tæmandi þar sem áfram er unnið að greiningu og samantekt á aðgerðum og úrræðum innan Kviku. Aðgerðir og forgangsroðun þeirra er endurmetin reglulega með hliðsjón af markmiðum, frammistöðu, lagakröfum og þróun á áhrifum, áhættum og tækifærum.

Mikilvægur sjálfbærniþáttur / undirþáttur

Dæmi um aðgerðir og úrræði

E1 – Loftslagsbreytingar / mótvægi við loftslagsbreytingar

- Samstæðan beitir mótvægisáðgerðum gegn allri mældri losun (að undanskilinni fjármagnaðri losun) með kaupum á vottuðum kolefniseiningum.
- Umhverfisbókhaldið hefur verið staðfest af þriðja aðila undanfarin ár með takmarkaðri vissu.
- Unnið er að því að ná betur utan um losunarþætti og kolefnisbókhald samstæðunnar. Kvika hefur sett sér markmið um að draga úr beinni og óbeinni losun gróðurhúsalofttegunda eins og frekast er unnt.
- Umhverfisbókhaldið nær frá og með árinu 2025 jafnframt til bresku starfseminnar.
- Starfsfólk er hvatt til að nýta vistvæna ferðamáta. Samgöngukönnun er framkvæmd á meðal starfsfólks til að meta losun tengda ferðum starfsfólks til og frá vinnu.
- Stjórn og framkvæmdastjórn hefur aðkomu að stýringu loftslagstengdrar áhættu.

S1 – Starfsfólk / vinnuskilyrði

- Kvika notar mannauðsmælaborð til að hafa yfirsýn yfir helstu mannauðsmælikvarða samstæðunnar.
- Áhersla er lögð á fræðslu og er hún í góðum farvegi. Haldið er utan um fræðsluþátttöku starfsfólks.
- Boðið er upp á margs konar þjónustu og stuðning til að efla heilsufar og velliðan starfsfólks.
- Eftirfylgni við velliðan og álag starfsfólks fer fram með árlegum könnunum, reglulegum púlsmælingum og er í höndum stjórnenda.

S1 – Starfsfólk / jöfn meðferð og tækifæri fyrir öll

- Reglulegt eftirlit með málaflöknum fer fram í gegnum árlegar vinnustaðagreiningar.
- Á árinu voru einnig teknar upp reglulegar púlsmælingar til þess að fá betri rauntímastöðu á starfsánægju og starfsanda meðal starfsfólks.
- Mælikvarðar jafnréttisstefnu eru teknir saman að lágmarki árlega og er vel fylgst með þróun þeirra.
- Fjallað er um jafnréttismál reglulega í sjálfbærnefndinni.

S4 – Neytendur og endanotendur / upplýsingagjöf og upplýsingaöryggi fyrir neytendur og endanotendur

- Kvika sinnir upplýsingagjöf til viðskiptavina og fjárfesta og leggur áherslu á að sinna því vel. Ráðist hefur verið í umfangsmiklar aðgerðir til að tryggja fjárfestavernd og aðlaga starfsemina að lagakröfum, meðal annars að kröfum SFDR⁷ og MiFID II.⁸
- Mikið er lagt upp úr upplýsingaöryggi og persónuvernd. Kvika hefur hlotið ISO 27001 vottun um upplýsingaöryggi og Straumur er með PCI DSS vottun fyrir að viðhalda ströngustu stöðlum um öryggi og gagnavernd fyrir söluaðila og viðskiptavinum þeirra. Ýmsar öryggisráðstafanir eru gerðar og er rauntímavöktun þar sem mögulegt er að bregðast við og koma í veg fyrir óæskilega atburði.
- Unnið var að innleiðingu DORA-reglugerðarinnar á árinu.

⁷ Reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR).


⁸ Tilskipun (ESB) 2014/65 um markaði fyrir fjármálagerðir og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (endurútfærin) (MiFID II).



Mikilvægur sjálfbærniþáttur / undirþáttur	Dæmi um aðgerðir og úrræði
ES – Stafræn umbreyting	- Rík áhersla er lögð á nýsköpun og vörubrúun í stafrænum lausnum sem stuðla gjarnan að samfélagslegum og umhverfislegum ávinningi. Margar fjártæknilausnir eru í boði í gegnum helstu vörumerki Kvikú. - Heimili landsins hafa notið betri vaxtakjara á sinn sparnað þökk sé fjártæknilausninni Auði. Árið 2024 bauð Auður einnig fyrirtæki velkomin í viðskipti og árið 2025 hóf Auður að bjóða einstaklingum upp á húsnæðislán á bestu kjörum sem bjóðast á breytilegum óverðtryggðum vöxtum. - Allar lausnir Auðar byggja á einfaldleika og gagnsæi og taka mið að því að bæta kjör neytenda.
G1 – Viðskiptahættir / vernd uppljóstrara	- Tilkynningar vegna brota, mögulegra brota og tilrauna til brota á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum skulu berast regluverði til samræmis við lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu. - Regluvörður er bundinn þagnarskyldu um persónugreinanlegar upplýsingar sem koma fram í tilkynningum starfsfólks. - Tilkynningar mega vera munnlegar, skriflegar eða sendar með tölvupósti á uppgið netfang. Þá má koma tilkynningum á framfæri nafnlaust á innra neti Kvikú. - Ef upplýsingar sem koma fram í tilkynningu er hægt að rekja til þess sem tilkynnti skal fara með þær leynt, nema skylt sé að veita slíkar upplýsingar lögum samkvæmt eða á grundvelli dómsúrskurðar.
G1 – Viðskiptahættir / spilling og mútur	Kvika hefur mótað viðeigandi ferla, stefnur og reglur til að lágmarka áhættu á spillingu og mútum í samræmi við gildandi regluverk.
G1 – Viðskiptahættir / vinnustaðamenning	- Viðvarandi vinna er við að tryggja góða menningu hjá Kvikú þar sem hlítung við lög, reglur, markmið og gildi er höfð í hávegum. - Áhersla er lögð á áhættumeningu og er hún hluti af daglegu starfi alls starfsfólks. Einnig er lögð áhersla á samræmda nálgun, ábyrgð og virk samskipti þannig að áhættutaka og áhættustýring sé í takti við stefnu og hagsmuni allra hagaðila. Sterk áhættumening tryggir að allt starfsfólk sé meðvitað um ábyrgð sína í áhættustýringu og það stuðlar að upplýstri ákvarðanatöku. - Kvika hefur einnig innleitt reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaaðrekstrum og ráðist í aðgerðir í samræmi við þær. Áhersla er lögð á að allt starfsfólk sé meðvitað um hættuna á hagsmunaaðrekstrum þegar það sinnir starfi sínu og gripi til viðeigandi ráðstafana til að takmarka eða koma í veg fyrir hagsmunaaðrekstra í starfsemi.
ES – Regluverk fjármálamarkaða	- Mikil áhersla er lögð á að stöðugt sé unnið að og viðhaldið menningu sem stuðlar að hlítungu við þær kröfur sem gerðar eru til Kvikú á fjármálamarkaði. - Laganeftnd hefur verið sett á fót til að stýra þeirri áhættu sem fylgir reglugerðar- og lagabreytingum en nefndin fylgist með reglugerðar- og lagabreytingum. - Kvika hefur innleitt öflugar stýringar og mótað viðeigandi ferla, stefnur og reglur til að lágmarka peningaþvættisáhættu í samræmi við gildandi regluverk. - Fræðslu til starfsfólks er vel sinnt meðal annars um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Tafla 8: Dæmi um aðgerðir Kvikú sem tengjast mikilvægum sjálfbærniþáttum og undirþáttum.

Upplýsingagjöf um mikilvæga sjálfbærniþætti | ESRS 2 Topical Disclosure



Umhverfismál

Flokkunarreglugerðin – 8. grein

E1 – Loftslagsbreytingar





Flokkunarreglugerðin – 8. grein

Hjá Kviku hefur verið unnið að innleiðingu flokkunarreglugerðar Evrópusambandsins en markmið reglugerðarinnar er meðal annars að beina fjármagni í frekara mæli í umhverfislega sjálfbærar fjárfestingar.

Kviku ber að birta hlutfall grænna eigna sem er hlutfall þeirra eigna sem fjármagna umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi út frá viðmiðum reglugerðarinnar (e. *green asset ratio* eða GAR).⁹ Undir það falla útlán og fjármögnun til fyrirtækja sem falla undir gildissvið 66. gr. d. laga um ársreikninga nr. 3/2006, útlán til einstaklinga, þar á meðal bílalan og húsnæðislán, ásamt fjárfestingum í félögum sem falla undir nánar skilgreind viðmið í lögum um ársreikninga.

Kvika og Kvika eignastýring birta upplýsingar samkvæmt 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar í viðeigandi sniðmátum sem fengin eru úr framseldri reglugerð ESB nr. 2021/2178.¹⁰ Upplýsingarnar eru settar fram í óendurskoðuðum viðaukum við ársreikninga Kviku banka og dótturfélaga fyrir fjárhagsárið 2025 sem birtur er á vefsvæði Kviku og visast þangað um frekari upplýsingar um framangreint.

⁹ Hlutfall eigna samstæðunnar sem fjármagna eða fjárfesta í atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu (e. *taxonomy aligned*) af heildarumfangi eigna samkvæmt aðferðafræði sem birtist í framseldum reglugerðum flokkunarreglugerðarinnar.

¹⁰ Framseld reglugerð ESB nr. 2021/2178 um viðbætur við reglugerð ESB 2020/852 tilgreinir innihald og framsetningu upplýsinga sem fyrirtæki eiga að birta skv. 19. gr. a eða 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB varðandi umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi og tilgreina aðferðafræðina við að fara að þessari birtingarskyldu. Í sniðmátum hefur verið tekið tillit til breytinga á reglugerð ESB nr. 2021/2178 sbr. reglugerð 1207/2024 sem innleiddi framselda reglugerð (ESB) nr. 2023/2486 um viðbætur við flokkunarreglugerðina og reglugerð (ESB) 2021/2178.





E1 - Loftslagsbreytingar:

Mótvægi við loftslagsbreytingar

Mælikvarðar og markmið

Skýringarkröfur: E1-2 – grein 24, E1-3 – greinar 28 og 29b, E1-4 – greinar 32 og 81, E1-5 – greinar 37, 37 c, 37 c i og AR 34, E1-6 – greinar 44 og 47, E1-7 – grein 56 b). E1.IRO-1 – greinar 20 a og AR 9.

Helstu stefnur og aðgerðir

Sjá má yfirlit um helstu stefnur félagsins hvað varðar umhverfismál í kaflanum *Stefnur sem tengjast mikilvægum sjálfbærniþáttum (MDR-P)* og aðgerðir í kaflanum *Aðgerðir og úrræði tengd mikilvægum sjálfbærniþáttum (MDR-A)*.

Markmið og samanburður á milli ára

Sjálfbærninefnd Kviku samþykkti verklagsreglur sem ætlað er að styðja við og útfæra áherslur í sjálfbærnistefnu Kviku með markmiðum og mælikvörðum. Þar á meðal er markmið um að draga úr beinni og óbeinni losun gróðurhúsalofttegunda eins og frekast er unnt og beita mótvægisaðgerðum gegn óhjákvæmilegri losun frá rekstrinum með ábyrgum hætti. Kvika hefur ekki sett sér loftslagsmarkmið byggð á vísindalegum grunni (e. science based targets).

Til að tryggja áreiðanleika og samanburðarhæfni í mælingum á losun gróðurhúsalofttegunda er mikilvægt að grunnár endurspegli bæði fullnægjandi gagnasöfnun og stöðugt umfang starfsemi. Þrátt fyrir að 2019 hafi áður verið notað sem grunnár hjá Kviku eru mælingar frá því ári ekki jafn ítarlegar og þær sem liggja fyrir í dag. Jafnframt hafa orðið umtalsverðar breytingar á rekstri samstæðunnar síðan þá meðal annars vegna sameininga og sölu félaga í samstæðunni og breytinga á skipulagi starfseminnar. Þetta hefur áhrif á samanburð milli ára og getur leitt til skekkju í túlkun á þróun losunar hjá samstæðunni.

Af þessum sökum hefur Kvika ekki fest niður endanlegt grunnár að svo stöddu. Unnið verður á árinu 2026 að því að móta og staðfesta grunnár sem uppfyllir kröfur um gagnagæði og samanburðarhæfni. Eftir atvikum verður einnig skoðað hvort þörf sé á endurútreikningi sögulegra gagna til að tryggja samræmi í framsetningu og mælingum, þar á meðal með tilliti til þess að TM fór út úr samstæðunni á árinu 2025.



Lykilmælikvarðar tengdir losun

Hér til hægri má sjá lykilmælikvarða tengda losun gróðurhúsalofttegunda hjá Kvikú en Kviká hefur stuðst við aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol (GHG Protocol) við útreikninga sína síðastliðin ár. Á næstu síðu fylgja skýringar á breytingum í losunartölum á milli ára.

Kviká hefur fest kaup á upprunaábyrgðum sem staðfesta að raforkunotkun Kvikú sem nemur 392 MWst á árinu 2025 var framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum.

	2023	2024	2025	Breyting milli 2024 og 2025
Umfang 1 (tCO ₂) ¹¹	74,4	46,2	24,2	-48%
Umfang 2 (miðað við staðsetningu) (tCO ₂)	26,3	22,1	25,9	17%
Umfang 3 (án fjármagnaðrar losunar) (tCO ₂) ¹²	434,3	213,9	282,9	32%
Flokkur 3: Framleiðsla og dreifing á eldsneyti (WTT) (tCO ₂)			44,7	
Flokkur 6: Viðskiptaferðir (tCO ₂)			128,3	
Flokkur 7: Samgöngur starfsfólks (tCO ₂)			109,9	
Heildarlosun (tCO ₂)	535	282,2	333	18%
Losunarkræfni starfsfólks (tCO ₂ /stöðugildi)	1,56	0,79	1,47	86%

¹¹ Mælieiningin tCO₂ í eða tonn af koldíoxíð ígildum (e. *tonnes of CO₂ equivalent*) er mælieining sem notuð er til að setja fram útstreymi gróðurhúsalofttegunda á samræmdan hátt. Eitt tonn af koldíoxíð ígildum samsvarar losun eins tons af CO₂ og miðast við hlýnunarmáttstuðul (e. *global warming potential*) annarra gróðurhúsalofttegunda.

¹² Umfang 3 er brotið niður í þrjá flokka fyrir árið 2025. Flokkur 5 (úrgangur) er inni í heildarlosunartölum fyrir umfang 3 árin 2023 og 2024 en er ekki birtur né reiknaður inn í umfang 3 fyrir árið 2025 þar sem sá flokkur er ekki mikilvægur þáttur í losunarbókhalði Kvikú.

Tafla 9: Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda 2023–2025.

	2023	2024	2025	Breyting milli 2024 og 2025
Heildarmagn beinnar orkunotkunar (MWst)	300,3	187,4	107,5	-43%
- Jarðefnaeldsneyti			101,9	
- Gas			5,6	
Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar (MWst)	2.902,7	2.896,2	2.901,7	0,2%
- Rafmagn			391,6	
- Hitaveita			2.510,1	
Heildarorkunotkun (MWst)	3.203	3.083,6	3.009,2	-2%

Tafla 10: Orkunotkun 2023–2025 í MWst.

	2023	2024	2025
Jarðefnaeldsneyti og gas	9%	6%	4%
Endurnýjanlegir orkugjafar	91%	94%	96%

Tafla 11: Orkusamsetning miðað við staðsetningu (e. *location based*). Hlutföll orkugjafa endurspeгла heildarorkunotkun Kvikú.



Breyting á losun gróðurhúsalofttegunda á milli ára

Helstu niðurstöður 2024–2025:

- Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda nam 333 tCO₂i og jókst um 18% frá 2024 aðallega vegna aukningar í umfangi 2 og 3.
- Umfang 1 dróst saman um 48% þar sem bílafloki TM fór úr samstæðunni 2025 og það fækkaði í bílafloka Kvik.
- Umfang 2 jókst um 17% sem má einkum rekja til þess að umhverfissuppgjörið tekur nú einnig til starfseminnar í Bretlandi og þess að samsetning orkunnar er frábrugðin frá árinu áður.
- Umfang 3 jókst um 32% einkum vegna aukinnar losunar sem tengist flugi starfsfólks og þess að umhverfisáhrif starfseminnar í Bretlandi eru nú talin með í bókhaldinu.
- Losunarkræfni starfsfólks jókst um 86% á milli ára. Samanburðurinn er þó ekki nákvæmur.

Losun í *umfangi 1* dróst saman um 48% á milli ára og skýrist lækkunin að mestu af því að TM fór út úr samstæðunni árið 2025 en með því féllu eldsneytisdrifin farartæki TM út úr bókhaldinu. Einnig fækkaði um einn eldsneytisdrifinn bíl í rekstri bankans.

Losun í *umfangi 2* (miðað við staðsetningu) jókst um 17% samhlíða 0,2% aukningu í óbeinni orkunotkun. Losun í umfangi 2 felur í sér losun vegna rafmagns og hitaveitu sem keypt er til starfseminnar og tekur umhverfisbókhaldið fyrir 2025 í fyrsta skipti til orkunotkunar í starfseminni í Bretlandi auk þeirrar íslensku. Aukningu í losun í umfangi 2 má því einkum rekja til aukins umfangs umhverfisbókhaldsins og breytinga á samsetningu orkunnar. Þar að auki hefur raforkunetið á Bretlandi hærra kolefnisspor en það íslenska.

Losun í *umfangi 3* jókst um 32% fyrst og fremst vegna aukinna flugferða starfsfólks á árinu 2025. Það hefur einnig áhrif til aukningar að árið 2025 er fyrsta árið þar sem umhverfisáhrif starfseminnar í Bretlandi eru talin með í umhverfissuppgjörunu en sú losun hefur áhrif á heildarniðurstöðuna í umfangi 2 og 3.¹³

Umfang 3 inniheldur núna einnig tölur fyrir losun vegna framleiðslu og dreifingar á eldsneyti (e. *well-to-tank* eða *WTT*) sem notað var til

¹³ Notast var við viðurkennda og staðbundna losunarstuðla fyrir Bretland til að reikna losun gróðurhúsalofttegunda af starfseminni þar: *UK Government GHG Conversion Factors for Company Reporting*. Gefnir út árið 2025 af Department for Energy Security & Net Zero.

ferða starfsfólks bæði vegna aksturs ökutækja Kvik og flugferða. Þá hefur aðferð við útreikninga á losun vegna flugferða verið uppfærð og er nú nákvæmari.

Við greiningu á losun frá starfsemi Kvik kom í ljós að losun gróðurhúsalofttegunda vegna förgunar á sorpi í umfangi 3 var mjög lítil í samanburði við aðra losunarpætti. Í GHG Protocol er sérstaklega tekið fram að upplýsingar losunarbókhalds skuli vera viðeigandi fyrir starfsemi þess fyrirtækis sem um ræðir. Upplýsingar eru því ekki veittar um þann losunarpátt fyrir árið 2025 og er athyglinni frekar beint að losunarpáttum sem hafa meira vægi í umfangi 3.

Þótt heildarlosun árið 2025 innihaldi TM (TM var hluti af umhverfisbókhaldinu hluta árs 2025) er losunarstuðullinn fyrir 2025 reiknaður út frá stöðugildum án starfsfólks TM. Þar sem teljari stuðulsins (heildarlosun) og nefnari hans (fjöldi stöðugilda) taka ekki mið af sama umfangi skekkir þetta samanburð á losunarkræfni á milli ára sem var 86% hærri árið 2025. Unnið verður að því á árinu 2026 að auka samanburðarhæfni í umhverfisbókhaldinu eins og frekast er unnt.


Kvika hefur fest kaup á vottuðum kolefniseiningum tengdum fjölbreyttum verkefnum til að mæta mældri heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá starfseminni árið 2025 (án fjármagnaðrar losunar). Sjá má frekari umfjöllun um það í kaflanum *Mótvægisáðgerðir gegn loftslagsbreytingum*.

Áætluð fjármögnuð losun Kviku fyrir árið 2024

Í ljósi eðli starfsemi Kviku er losun gróðurhúsalofttegunda frá eigin rekstri lítilsháttar. Með því að áætla fjármagnaða losun gróðurhúsalofttegunda má meta óbein áhrif Kviku á loftslagið í gegnum lánveitingar og fjárfestingar. Með mati á fjármagnaðri losun fær Kvika einnig betri innsýn í umhverfisáhrif starfseminnar. Kvika áætlar fjármagnaða losun með aðferðafræði PCAF.

Áreiðanleg gögn eru undirstöðuatriði við útreikninga á fjármagnaðri losun og því er leitast við að nýta raungögn eða sem næst raungögnum þegar það er hægt eins og upplýsingar frá fyrirtækjunum sjálfum þegar þau hafa birt losunartölur frá starfsemi sinni. Fyrir fyrirtæki sem hafa ekki birt losun frá eigin starfsemi er losun áætluð út frá áreiðanlegustu upplýsingum sem standa til boða á þeim tíma sem útreikningar eru framkvæmdir.

Gæði gagna og aðgengi að gögnum er ein helsta áskorun við útreikninga á fjármagnaðri losun og hefur PCAF því birt einkunnaskala fyrir gagnagæði sem stuðst var við í greiningunni. Skalinn er settur fram á bilinu 1-5 þar sem áreiðanlegustu gögnin fá einkunnina 1 og sist áreiðanlegu gögnin fá einkunnina 5. Ef ekki eru til losunartölur og ekki er hægt að áætla losun með góðu móti fellur eign utan umfangs.



Mynd 7: Gagnagæðaskali PCAF.

Árs töf (e. *time lag*) er á áætlun fjármagnaðrar losunar þar sem útreikningar byggja á opinberri upplýsingagjöf undirliggjandi fyrirtækja um losun gróðurhúsalofttegunda. Útreikningarnir á fjármagnaðri losun í sjálfbærnisýrslu Kviku fyrir árið 2025 ná þar af leiðandi yfir efnahagsreikning samstæðu Kviku fyrir árið 2024 að undanskilinni Kviku eignastýringu. Nánari lýsingu á PCAF-aðferðafræðinni er að finna í skýrslu Kviku frá árinu 2024 um fjármagnaða losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árin 2021 og 2022.¹⁴

Sjá má áætlaða fjármagnaða losun Kviku fyrir árið 2024 og samanburð við niðurstöður árið 2023 í töflu 12. Eins og að framan greinir er stuðst við aðferðafræði PCAF við útreikningana en hún nær til eftirfarandi eignaflokka:

- Skráð hluta- og skuldabréf fyrirtækja,
- fyrirtækjalán og óskráð hlutabréf,
- íbúðalán,
- bílalán,
- ríkisskuldabréf.

¹⁴ Fjármögnuð losun Kviku – Áætluð fjármögnuð losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árin 2021 og 2022 eftir aðferðafræði PCAF. Júní 2024. Aðgengileg hér: https://kvika.cdn.prismic.io/kvika/Znr145bWFbowe121_Kvikafj%C3%A1rm%C3%B6gnu%C3%B0losun2021-2022.pdf. Síðast sótt 6.1.2026.

	Bókfært virði (m.kr.) Innan umfangs	Umfang 1 og 2 án LULUCF ¹⁵ tCO ₂ í	Umfang 1 og 2 með LULUCF tCO ₂ í	Umfang 3 tCO ₂ í	Losunarkræfni tCO ₂ í/m.kr.	Gagnagæði Vegið meðaltal
Skráð hluta- og skuldabréf fyrirtækja	19.297	2.152	2.152	6.400	0,44	1,8
Fyrirtækjalán og óskráð hlutabréf	94.803	7.016	7.016	27.068	0,36	4,4
Eftir ÍSAT-bálkum: ¹⁶						
A – Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	1.344	1.141	1.141	2.970	3,06	4,6
B – Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	46	100	100	102	4,41	4,2
C – Framleiðsla	436	710	710	1.237	4,47	4,5
E – Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun	238	424	424	425	3,56	4,5
F – Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	14.201	934	934	12.574	0,95	4,7
G – Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	3.175	617	617	2.577	1,01	4,4
H – Flutningur og geymsla	1.254	2.201	2.201	1.502	2,95	4,9
I – Rekstur gististaða og veitingarekstur	8.639	335	335	1.270	0,19	4,9
J – Upplýsingar og fjarskipti	1.187	2	2	295	0,25	4,6
K – Fjármála- og váttryggingastarfsemi	14.402	229	229	754	0,07	4,2
L – Fasteignaviðskipti	41.297	134	134	2.370	0,06	4,2
M – Sérfræðileg, visindaleg og tæknileg starfsemi	2.179	60	60	311	0,17	4,1
N – Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	5.353	74	74	280	0,07	4,3
P – Fræðslustarfsemi	13	1	1	3	0,27	5,0
Q – Heilbrigðis- og félagsþjónusta	507	30	30	198	0,45	4,9
R – Menningar-, íþrótta- og tómstundastarfsemi	494	21	21	191	0,43	5,0
S – Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	38	2	2	8	0,27	5,0
Íbúðalán	1.462	2	2	0	0,0015	4,0
Bílalán	41.821	15.213	15.213	36	0,36	2,3
Ríkisskuldabréf	65.035	70.940	164.104	0	1,09	2,0
Samtals	222.418	95.323	188.487	33.505	0,58	3,1
Samtals 2023 (til samanburðar)	214.643	98.746	183.263	29.649	0,60	3,1

Tafla 12 : Áætluð fjármögnuð losun Kviku fyrir árið 2024 og samanburður við niðurstöður 2023.¹⁷

¹⁵ Losun ríkisskuldabréfa er reiknuð út frá heildarlosun hagkerfisins. Sögulega hefur landnotkun, breytt landnotkun og skógrækt (e. *land use, land-use change, and forestry* eða *LULUCF*) verið stærsti losunarpáttur hagkerfisins og er LULUCF því stór hluti fjármagnaðrar losunar Kviku vegna ríkisskuldabréfaeignar félagsins. Kvika birtir fjármagnaða losun með og án LULUCF.

¹⁶ ÍSAT – Íslensk atvinnugreinaflokkun (ÍSAT2008) byggir á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE). NACE stendur fyrir „*Nomenclature of Economic Activities*“ og er NACE atvinnugreinaflokkun ESB. NACE Rev 2. liggur til grundvallar ÍSAT2008.

¹⁷ Framsetning í töflunni er samkvæmt leiðbeiningum PCAF: Financed Emissions – The Global GHG Accounting & Reporting Standard. Part A. Table 10.2-8 – Example reporting of absolute financed emission – scope 3, category 15 (investments). Blaðsíða 149.



Helstu niðurstöður fjármagnaðrar losunar 2024:

- Fjármögnuð losun Kviku jókst um 0,34% milli 2023 og 2024 á sama tíma og losunarkræfni lána- og eignasafnsins lækkaði. Sú þróun skýrist af hlutfallslega meiri aukningu í bókfærðu virði undirliggjandi eigna sem nam 3,62%.
- Fjármögnuð losun vegna eigna Kviku í skráðum hluta- og skuldabréfum hækkaði um 66% vegna aukinnar losunar undirliggjandi félaga í umfangi 3 og stærra eignasafns Kviku. Losunarkræfnin hækkaði í takt úr 0,32 í 0,44 tCO₂i/m.kr.
- Fjármögnuð losun vegna fyrirtækjalána jókst um 3,64% milli 2023 og 2024 og lækkar losunarkræfni lánasafnsins úr 0,37 í 0,36 tCO₂i/m.kr.
- Fjármögnuð losun vegna bílalána lækkaði um 4% á milli ára auk þess sem losunarkræfni lánanna lækkaði úr 0,41 í 0,36 tCO₂i/m.kr.
- Fjármögnuð losun vegna íbúðarlána er minni háttar og losunarkræfni lánanna er óbreytt á milli ára.

Á heildina litið jókst fjármögnuð losun Kviku (án LULUCF) um 433 tCO₂i á milli árunna 2023 og 2024 eða um 0,34%. Losunarkræfni lána- og eignasafnsins lækkaði hins vegar úr 0,60 í 0,58 tCO₂i/m.kr. sem skýrist af því að bókfært virði lána og eigna innan umfangs jókst hlutfallslega meira en losunin eða um 3,62% (7.774 m.kr.). Í töflu 13 má sjá samanburð á áætlaðri fjármagnaðri losun og losunarkræfni mismunandi tegunda lána Kviku fyrir árin 2023 og 2024.


Tegund útláns	2023		2024	
	Fjármögnuð losun tCO ₂ i	Losunarkræfni tCO ₂ i/m.kr.	Fjármögnuð losun tCO ₂ i	Losunarkræfni tCO ₂ i/m.kr.
Fyrirtækjalán	32.886	0,37	34.084	0,36
Bílalán	15.894	0,41	15.249	0,36
Íbúðalán	3	0,0015	2	0,0015
Samtals losun	48.783		49.335	

Tafla 13: Áætluð fjármögnuð losun Kviku vegna útlána innan umfangs 2023 og 2024.

Fjármögnuð losun vegna fyrirtækjalána hækkaði á milli árunna 2023 og 2024 og skýrist það af aukinni lánveitingu og hærri bókfærðs virði innan umfangs útreikninga. Þrátt fyrir það lækkar losunarkræfni fyrirtækjalána aðeins eða úr 0,37 í 0,36 tCO₂i/m.kr.

Fjármögnuð losun vegna bílalána lækkaði litillega á milli ára. Sökum áframhaldandi vaxandi hlutar raf- og tvinnbila af bílalánum lækkar losunarkræfni lánanna úr 0,41 í 0,36 tCO₂i/m.kr. Þrátt fyrir að mat Samgöngustofu á meðalakstri á ári hafi hækkað. Þá er fjármögnuð losun vegna íbúðalána minniháttar og er losunarkræfni lánanna óbreytt á milli ára.

Á mynd 8 sést hvernig lán Kviku til fyrirtækja skiptast niður á ÍSAT-bálka og samsvarandi losunarkræfni atvinnugreinanna miðað við fjármagnaða losun Kviku ársins 2024.



Mynd 8: Skipting fyrirtækjalána eftir ÍSAT - bálkum miðað við stöðu 31.12.2024 og losunarkræfni samsvarandi ÍSAT-bálka miðað við fjármagnaða losun Kviku ársins 2024.



Mótvægisáðgerðir gegn loftslagsbreytingum

Kvika fjárfestir á hverju ári í vottuðum kolefniseiningum tengdum ýmsum verkefnum til að koma til móts við mælda losun gróðurhúsalofttegunda (að frátalinni fjármagnaðri losun). Markmiðið með þessu er að vega upp á móti losun gróðurhúsalofttegunda í rekstrinum sem ekki hefur tekist að draga úr eða koma í veg fyrir.

Mótvægisáðgerðir bankans á síðustu árum hafa einkum falist í kaupum og fjárfestingum í vottuðum kolefniseiningum til að vega upp á móti losun í umfangi 1, 2 og viðeigandi losun í umfangi 3 meðal annars í gegnum Climate Impact Partners,¹⁸ Aspiration¹⁹ og Yggdrasil Carbon²⁰ sem öll fjármagna loftslagsverkefni og selja vottaðar kolefniseiningar. Auk þess hefur Kvika stutt verkefni sem stuðla ýmist að kolefnisbindingu og/eða samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda, ásamt því að hafa samfélagslegan ávinning að leiðarljósi. Þar má nefna Katla Carbon²¹ sem tengir kolefniseiningar við menntun stúlkna og innlend verkefni á borð við Kolvið²² og Votlendissjóð.²³

Líkt og fyrir síðastliðin tvö ár voru keyptar vottaðar kolefniseiningar frá Climate Impact Partners til að mæta heildarlosun gróðurhúsalofttegunda hjá Kviku (án fjármagnaðrar losunar) upp á 333 tCO₂i árið 2025. Fjárfest var í safni verkefna sem hafa það sammerkt að tengjast náttúrunni en þau ýmist fjarlægja kolefni úr andrúmsloftinu eða draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með skógrækt og endurheimt graslendis. Eitt verkefnanna snýr jafnframt að fjármögnun sólarorku með smálánum (e. *microloans*) fyrir litil fyrirtæki og skóla. Verkefnin skila margvíslegum hliðarárangri svo sem verndun líffræðilegrar fjölbreytni og stuðningi við staðbundna atvinnusköpun og menntun.

Öll verkefnin sem fjárfest var í fyrir árið 2025 eru vottuð samkvæmt *Verified Carbon Standard* (VCS) frá Verra og staðfest samkvæmt viðurkenndum stöðlum til að tryggja að raunverulega sé verið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjafna.

Verkefnin eru staðsett í Malasíu, Gana og Indlandi og styðja þau meðal annars við þau fjögur heimsmarkmið SP sem Kvika leggur sérstaka áherslu á í starfseminni: heimsmarkmið 5 (jafnrétti kynjanna), 9 (nýsköpun og innviðir), 13 (aðgerðir í loftslagsmálum) og 17 (samvinna um markmiðin) ásamt fleirum eins og sjá má á mynd 9.



Mynd 9: Heimsmarkmið SP sem verkefnin sem Kvika fjárfesti í fyrir árið 2025 styðja.

¹⁸ Nánari upplýsingar um Climate Impact Partners má finna á vef þeirra: www.climateimpact.com.

¹⁹ Nánari upplýsingar um Aspiration má finna á vefnum www.aspiration.com/planet-protection.

²⁰ Nánari upplýsingar um Yggdrasil Carbon og verkefnið að Arnaldsstöðum má finna á vefnum www.yggcarbon.is.

²¹ Nánari upplýsingar um Katla Carbon má finna á vefnum www.katlacarbon.com.

²² Nánari upplýsingar um Kolvið má finna á vefnum: www.kolvidur.is.

²³ Nánari upplýsingar um Votlendissjóð má finna á vefnum: www.votlendi.is.

Úthlutunar- og áhrifaskýrsla Kviku fyrir 2025

Kvika birtir árlega úthlutunar- og áhrifaskýrslu samkvæmt grænum fjármögnunarramma bankans (e. *Green Funding Framework*). Skýrslan veitir yfirlit yfir heildarstöðu grænna skuldbindinga, ráðstöfun fjármuna í hæfar grænar eignir og áætluð umhverfisáhrif þeirra. Úthlutunar- og áhrifaskýrsla Kviku er gefin út sem hluti af sjálfbærniskýrslu bankans.

Grænn fjármögnunarrammi Kviku var fyrst gefinn út árið 2021 og gerir hann bankanum kleift að skilgreina með skýrum hætti hvaða lán og eignir teljast hæfar sem grænar eignir í eignasafni bankans. Á móti þeim eignum getur bankinn gefið út græn skuldabréf eða fjármagnað sig með grænum innlánnum svo sem innstæðum á grænum framtíðarreikningum Auðar.

Grænar lánveitingar Kviku geta meðal annars snúið að orkuskiptum í samgöngum, umhverfissvottuðum byggingum, endurnýjanlegri orku, verkefnum sem styðja við hringrásarhagkerfið og verndun líffræðilegrar fjölbreytni.

Fjármögnunarramminn er unninn eftir alþjóðlegum viðmiðum Green Bond Principles sem Alþjóðasamtök aðila á verðbréfamarkaði (*International Capital Market Association* eða *ICMA*) hafa sett fram. Ramminn var uppfærður árið 2024 og voru viðmið flokkunarreglugerðar Evrópusambandsins höfð til hliðsjónar eftir því sem við á. Uppfærður rammi hlaut jákvætt ytra álit frá alþjóðlega úttektaraðilanum Sustainalytics.

Heildarstaða grænna skuldbindinga við árslok 2025 nam samtals **7.523 m.kr.** sem er samanlögð upphæð útgefinna grænna skuldabréfa og innstæðna grænna framtíðarreikninga Auðar. Grænar skuldbindingar lækka frá fyrra ári vegna uppgreiðslu græns skuldabréfs Kviku í lok árs 2025 sem komið var á gjalddaga. Kvika gerir ráð fyrir að gefa út frekari grænar skuldbindingar á næstu misserum eftir því sem markaðsaðstæður leyfa og ef eftirspurn er til staðar.

Öllum grænum skuldbindingum hefur verið ráðstafað í hæfar grænar eignir samkvæmt græna fjármögnunarrammanum en grænar eignir standa í samtals **17.389 m.kr.** Meginhluti ráðstöfunar er innan eignaflokksins *vistvænar samgöngur* í formi bílalána til kaupa á rafbílum og tvinnbílum hjá Lykli. Tvinnbílar töldust til grænna eigna samkvæmt viðmiðum rammans til ársloka 2024. Viðmið eru endurskoðuð reglulega í samræmi við uppfærðan ramma og þróun regluverks og markaðsviðmiða. Hluti ráðstöfunar var jafnframt innan eignaflokksins *umhverfissvottaðar byggingar*.

Með því að ráðstafa grænum skuldbindingum í græn verkefni skapar Kvika hvata til orkuskipta og dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda ásamt því að styðja við þróun sjálfbærni í rekstri og fjárfestingum viðskiptavina.





Áhrifamælingar vegna fjármögnunar vistvænna ökutækja

Fjármögnun vistvænna ökutækja samkvæmt græna fjármögnunarrammanum nær til nokkurra flokka ökutækja svo sem fólksbílur, sendibíla, vörubíla, mótorhjóla og véla. Stærsti flokkurinn er fólksbílur.

Í töflum 14 og 15 má sjá fjölda ökutækja, heildarlánsfjárhæð og áætlaðan útblástur gróðurhúsalofttegunda sem hefur verið forðað með því að beina fjármagni í framangreind græn verkefni samkvæmt útreikningum Kviku:

Áætlaður forðaður útblástur fyrir ökutæki er reiknaður með samanburði á losun vistvænna ökutækja sem fjármögnuð eru samkvæmt rammanum og sambærilegra hefðbundinna ökutækja miðað við viðurkennda losunarstuðla og forsendur um notkun.

Tegund ökutækja	Fjöldi ökutækja	Lánsfjárhæð (m.kr.)	Áætluð forðuð losun (tCO ₂ -ígilda)
Fólksbílur	4.399	13.641	7.473
Önnur ökutæki	93	331	234
Samtals	4.492	13.972	7.708

Tafla 14: Fjármögnun vistvænna ökutækja á grundvelli græns fjármögnunarramma Kviku.

Áætlaður forðaður útblástur fyrir fasteignirnar var metinn út frá stuðli sem fenginn var frá HMS en hann byggist á samanburðargögnum tengdum lífsferilsgreiningum (LCA) á Svansvottuðu húsnæði og á húsnæði án vottunar. Sá stuðull er svo margfaldaður með fermetrafjölda umræddra fasteigna.²⁴

Fasteign	Lánsfjárhæð (m.kr.)	Heildarfjöldi fermetra fasteigna (m²)	Áætluð forðuð losun (tCO ₂ -ígilda)
Svansvottaðar íbúðir	3.417	6.481	24,4

Tafla 15: Fjármögnun grænna byggingar á grundvelli græns fjármögnunarramma Kviku.

Til að setja áhrifin í samhengi jafngildir áætlaður sparnaður í útblæstri því:



að um 3.500 bensínbílur væru teknir af vegum yfir árstímabil.

Áhrifatölur fyrir ökutæki og fasteignir í töflunum hér að ofan eru áætlaðar og háðar ákveðinni óvissu þar sem þær byggja á aðgengilegum gögnum og forsendum á tíma útreikninganna.

²⁴ Athugast að gagnasafn HMS nær aðeins til tveggja Svansvottaðra bygginga og hefur það hugsanlega einhver áhrif á niðurstöðurnar.

Félagslegir þættir

S1 – Starfsfólk

S4 – Neytendur og endanotendur





S1 – Starfsfólk

- Vinnuskilyrði
- Jöfn meðferð og tækifæri fyrir öll

Stefnur tengdar starfsfólki

Skýringarkröfur: S1-1 – greinar 19, 20a og 20b, S1-2 – greinar 27b og 27a, S1-3 – grein 32c, S1-4 – grein 37.

Sjá má yfirlit yfir helstu stefnur félagsins sem varða starfsfólk í kaflanum *Stefnur sem tengjast mikilvægum sjálfbærniþáttum (MDR-P)* og aðgerðir í kaflanum *Aðgerðir og úrræði tengd mikilvægum sjálfbærniþáttum (MDR-A)*.

Vernd mannréttinda á vinnustað

Innan Kviku er lögð áhersla á að félög samstæðunnar hafi á að skipa hæfu, framsæknu og árangursdrifnu starfsfólki með faglegan metnað og sé ávallt í fremsta flokki á sínu sviði. Lögð er áhersla á að tryggja og virða réttindi starfsfólks í samræmi við lög, reglur og kjarasamninga.

Mannréttindi á vinnustað eru grundvallarþáttur í ábyrgri rekstrarframkvæmd og stuðlar Kvika að vernd þeirra í samræmi við alþjóðleg viðmið. Í mannauðstefnu og tengdum stefnum er kveðið á um skuldbindingu samstæðunnar um að virða mannréttindi starfsfólks, stuðla að öruggu og heilnæmu vinnuumhverfi og tryggja jafnræði, virðingu og sanngirni í öllum mannauðstengdum ákvörðunum. Stefnumar gilda fyrir allt starfsfólk samstæðunnar óháð starfshlutfalli, starfssambandi eða staðsetningu og taka þær jafnframt til tímabundins starfsfólks og einstaklinga sem starfa fyrir samstæðuna á grundvelli þjónustusamninga á hverjum tíma.

Mannauðsstefnu og jafnréttisstefnu samstæðunnar er markvisst fylgt sem og öðrum stefnum sem varða mannauðsmál. Meðal annars er lögð áhersla á að:

- Allt starfsfólk eigi rétt á jöfnum tækifærum til starfsframa óháð kyni, aldri, uppruna eða öðrum takmarkandi sjónarmiðum.
- Starfsfólk fái greidd jöfn laun og búi við sömu kjör fyrir sömu eða jafn verðmæt störf óháð kynferði, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum, kyntjáningu eða öðrum ómálefnalegum þáttum.

- Fylgja lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og lögum um vinnuvernd sem eiga að tryggja heilsusamlegt og öruggt starfsumhverfi.
- Vinna markvisst að því að uppræta hvers kyns mismunun, einelti, kynbundna áreitni eða kynferðislega áreitni á vinnustað.

Ábyrgð á innleiðingu og eftirfylgni stefnanna er skýrð innan stjórnskipulags Kviku. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á samræmingu, fræðslu og aðgerðum á sviði mannauðsmála í nánú samstarfi við framkvæmdastjórn og stjórnendur. Stjórnendur bera ábyrgð á að stefnur séu virkar í daglegum rekstri og að starfsfólk hafi aðgang að upplýsingum og úrræðum.

Eftirfylgni fer fram með reglubundinni greiningu á mannauðsgögnum (til dæmis starfsmannaveltu, veikindum, álagi, jafnlaunavottun og niðurstöðum vinnustaða- og púlsmælinga), ásamt endurskoðun á verklagi og viðbragðsferlum eftir atvikum. Þar sem frávik eru greind eða tækifæri til úrbóta eru settar aðgerðaráætlanir, ábyrgð úthlutað og tímarammi skilgreindur.

Kvika hugar vel að heilsu starfsfólks og býður starfsfólki samstæðunnar upp á ýmsa valkosti tengda heilsu, meðal annars árlegan íþróttastyrk, heilsufarsmat, ráðgjöf um andlega og líkamlega heilsu, heilsusamlegan mat, líkamsrækt í hádeginu og árlega inflúensubólusetningu.

Ferlar til að eiga samskipti við starfsfólk

Hjá Kviku er lögð áhersla á virkt samstarf og samskipti við starfsfólk, sem byggist meðal annars á því að stjórnendur tryggja með reglulegri upplýsingamiðlun og samtali að starfsfólk viti til hvers er ætlast af því og hvernig starfsfólk geti tekið þátt í að ná sameiginlegum markmiðum innan Kviku.

Leitast er við að tryggja að samskipti við starfsfólk séu bæði kerfisbundin og tvíhliða þannig að starfsfólk geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri og að þau sjónarmið hafi áhrif á ákvarðanatöku, þar á meðal varðandi starfsumhverfi, velferð, jafnrétti, hæfnipróun og breytingar í skipulagi eða starfsemi.

Samráð, endurgjöf og upplýsingamiðlun fer til að mynda fram í gegnum regluleg teymissamtöl, mánaðarlega fréttapóstá forstjóra til starfsfólks, starfsmannafundi, árlegar vinnustaðagreiningar, púlsmælingar og innri samskiptakerfi. Þá er einnig til staðar fræðsla sem snýr að skyldunámskeiðum og námskeiðum til að efla persónulega hæfni. Lögð er áhersla á að stjórnendur veiti starfsfólki

sínu reglulega endurgjöf á frammistöðu og ræði hlutverk þeirra og markmið á hverjum tíma.

Hjá Kviku er boðið upp á sveigjanleika í starfi, jákvætt, heilsusamlegt og uppbyggilegt starfsumhverfi og áhersla lögð á að traust og gott samstarf sé á milli deilda.

Samskipti við starfsfólk tengt hugsanlegum og raunverulegum áhrifum

Kvika mælir árlega helgun starfsfólks með Q12-spurningalista Gallup og hafa slíkar mælingar verið gerðar frá árinu 2021. Niðurstöður þessara mælinga gefa innsýn í væntingar, þarfir og viðhorf starfsfólks og er þeim einnig ætlað að vekja fólk til vitundar og hvetja til umræðu um áhrif starfsumhverfis á líðan og frammistöðu.

Niðurstöður eru kynntar stjórnendum og starfsfólki og er áhersla lögð á að greina styrkleika og áskoranir, sem geta verið ólíkar milli hópa. Stjórnendur fá aðstoð frá mannauðsteyminu eða utanaðkomandi sérfræðingum eftir þörfum til að vinna úr niðurstöðunum og skilgreina aðgerðir sem stuðla að því að efla helgun og starfsánægju. Í kjölfar vinnustaðagreiningarinnar er sett upp aðgerðaráætlun til að bregðast við niðurstöðunum hverju sinni. Vinnustaðagreiningarnar ná til samstæðunnar í heild en hver og einn stjórnandi kynnir og ræðir niðurstöðurnar með sínu teymi.

Meðaltal helgunar starfsfólks í síðustu mælingu á árinu 2025 var 4,29 (af 5 mögulegum) og hefur helgun aukist ár frá ári síðan 2021. Þá mældist starfsánægja 4,58 (af 5 mögulegum) þar sem 95% starfsmanna lýstu ánægju sinni með Kviku sem vinnustað.

Kvika hefur einnig hafið að gera reglulegar púlsmælingar á starfsfólki til þess að fá betri rauntímastöðu til dæmis á starfánægju og starfsanda. Niðurstöður púlsmælinga hafa verið í takt við árlega vinnustaðagreiningu. Þá er mannauðsmælaborð til staðar sem gefur mannauðsteyminu og stjórnendum góða yfirsýn yfir stöðu mála hjá mannauð samstæðunnar.

Einn af áhættuþáttum tengdum starfsfólki er álag og streita. Reynt er að auðvelda starfsfólki að hugsa um heilsuna eins og að framan greinir. Þá eru stjórnendur vakandi fyrir álagi hjá starfsfólki og leita til mannauðsstjóra ef álag hefur verið mikið. Stjórnendur eru einnig hvattir til að eiga reglubundin starfsmannasamtöl með sínu fólki þar sem rædd er frammistaða, áskoranir í starfi, starfspróun og hvort viðkomandi starfsmaður þurfi aukinn stuðning í starfi eða lífi.



Viðbrögð við hugsanlegum neikvæðum áhrifum á starfsfólk innan vinnustaðar

Kvika fordæmir og mun ekki liða einelti, áreitni, ofbeldi eða aðra ótilhlýðilega háttsemi á vinnustaðnum og hefur sett sér stefnu og viðbragðsáætlun til að bregðast við aðstæðum þar sem starfsmaður eða hópur starfsfólks telur sig verða fyrir einelti, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni, ofbeldi eða annarri ótilhlýðilegri háttsemi á vinnustað. Stefnan og áætlunin eru sett fram í samræmi við lög og reglugerðir um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Til að tryggja að starfsfólk hafi öruggar og aðgengilegar leiðir til að láta vita af brotum eða áhyggjum er boðið upp á formlegar tilkynningarleiðar. Þar á meðal að leita til næsta yfirmanns, mannauðsstjóra og utanaðkomandi ábyrgðaraðila. Kvika tryggir trúnað við meðferð tilkynninga með það að markmiði að vernda þann sem tilkynnir gegn mögulegum neikvæðum áhrifum. Kvörtunum, ábendingum og tilkynningum er sinnt samkvæmt skilgreindu ferli sem felur í sér:

- móttöku og skráningu máls,
- mat á eðli og alvarleika,
- rannsókn eða athugun eftir því sem við á,
- viðeigandi úrbætur og stuðningsúrræði og
- eftirfylgni til að tryggja að aðstæður endurtaki sig ekki.

Þar sem atvik leiða í ljós kerfislægar áskoranir er verklag endurskoðað og fræðsla eða aðferðir styrktar. Fræðsla er til staðar fyrir starfsfólk um innihald stefnunnar og viðbragðsáætlunarinnar. Þar er meðal annars fjallað um hvað felst í einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað og hvaða leiðir eru tækar fyrir starfsfólk til að tilkynna um slík tilvik.

Kvika metur reglulega hvort ferlar og úrræði sem ætlað er að tryggja öruggt og sanngjarnt vinnuumhverfi séu raunhæf, aðgengileg og virk í framkvæmd. Árangur er metinn með þátttöku og niðurstöðum úr vinnustaðagreiningum, púlsmælingum og eftirfylgni mála þegar upp koma áhyggjur eða tilkynningar.

Þessar upplýsingar eru nýttar til stöðugra umbóta, bæði í stjórnunarháttum og í stuðningsúrræðum, með það að markmiði að fyrirbyggja neikvæð áhrif og efla velliðan, helgun og starfsánægju innan samstæðunnar.





Mælikvarðar og markmið

Skýringarkröfur: S1-6 – greinar 50a, 50b, 51 og 50 c, S1-7 – grein 55a, S1-8 – grein 60a, S1-9 – greinar 66a, 66b og AR 71, S1-10 – grein 69, S1-13 – grein 83b, S1-15 – grein 94, S1-16 – grein 97a.

Fjöldi starfsfólks eftir kyni og fjöldi fastráðins starfsfólks	Kona	Karl
Fjöldi starfsfólks eftir kyni	99	159
Fjöldi sérfræðinga og almenns starfsfólks	83	122
Fjöldi stjórnenda	16	37
Fjöldi fastráðins starfsfólks	98	155

Tafla 16: Fjöldi starfsfólks (e. *headcount*) eftir kyni og fjöldi fastráðins starfsfólks í lok árs 2025.

Fjöldi starfsloka fastráðinna starfsmanna og starfsmannavela	Fjöldi	
Ástæður starfsloka		
Starfsmannavelta samtals	19	7,4%
Starfslok að frumkvæði starfsfólks	12	4,6%
Starfslok að frumkvæði félagsins	3	1,2%
Starfslok vegna aldurs	3	1,2%
Starfslok vegna andláts starfsfólks	1	0,4%

Tafla 17: Fjöldi starfsloka starfsfólks í fullu starfi og starfsmannavelta árið 2025.

Fjöldi verktaka hjá Kvik

Enginn verktaki er í fullu starfi hjá Kvik.

Fjöldi starfsfólks sem starfar eftir kjarasamningum

81% starfsfólks starfar eftir kjarasamningum en hlutfall starfsfólks sem starfar samkvæmt lögum á vinnumarkaði er 100%.

Kynjahlutföll hjá yfirstjórnendum	Karl	Kona
Fjöldi starfsfólks í framkvæmdastjórn	6	3
Hlutfall starfsfólks í framkvæmdastjórn	67%	33%

Tafla 18: Kynjahlutföll hjá yfirstjórnendum í lok árs 2025.

Eigin skilgreining á framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn er skilgreind sem forstjóri og framkvæmdastjórnar hjá Kvik banka auk framkvæmdastjóra Kvik eignastýringar.

Aldursdreifing starfsfólks

Hlutfall starfsfólks eftir aldursbili	
Hlutfall starfsfólks undir 30 ára	12%
Hlutfall starfsfólks á aldrinum 30 til 50 ára	63%
Hlutfall starfsfólks yfir 50 ára	25%

Tafla 19: Aldursdreifing starfsfólks í íslensku starfsemi í lok árs 2025.

Jöfn laun

Allt starfsfólk fær greidd sanngjörn og samkeppnishæf laun í samræmi við verkefni og ábyrgðarsvið og tryggt er að þau séu ekki undir því lágmarki sem kjarasamningar kveða á um.

Tími sem fer í fræðslu starfsfólks

Hver starfsmaður kláraði að meðaltali 18 fræðslueiningar á árinu.

Leyfi

Til viðbótar við greiðslur frá Fæðingarorlofssjóði sem starfsfólk á rétt á í fæðingarorlofi á allt fastráðið starfsfólk í íslensku starfsemi kost á að fá greitt móttframlag frá Kvik umfram kjarasamningsbundin réttindi. Starfsfólk heldur þannig fullum launum í fæðingarorlofi upp að ákveðnu hámarki auk þess að halda öðrum starfstengdum réttindum í fæðingarorlofinu. Samkvæmt íslenskum lögum á allt starfsfólk einnig rétt á fjölskyldutengdu leyfi svo sem veikindaleyfi vegna barna í samræmi við ákvæði kjarasamninga og vinnulöggjöf.

Launamunur kynjanna

Greiningar á launamuni kynja eru framkvæmdar reglulega og teknar út árlega sem hluti af úttekt vegna jafnlaunavottunar.

Launagreiningar árið 2025 byggja á launum í september síðastliðnum og sýna að óútskýrður launamunur kynjanna hjá Kvik reyndist vera 0,1% (körlum í hag) og hjá Kvik eignastýringu 0,4% (körlum í hag).



S4 – Neytendur og endanotendur

- Áhrif tengd upplýsingagjöf á neytendur og endanotendur

Stefna

Skýringarkröfur: S4.SBM-3 – grein 10c, S4-1 – grein 15, S4-4 – grein 30.

Sjá má yfirlit um helstu stefnur Kviku sem varða neytendur og endanotendur í kaflanum *Stefnur sem tengjast mikilvægum sjálfbærniþáttum (MDR-P)* og aðgerðir í kaflanum *Aðgerðir og úrræði tengd mikilvægum sjálfbærniþáttum (MDR-A)*.

Áherslur Kviku gagnvart neytendum og endanotendum miða að því að skapa jákvæð áhrif með því að bjóða upp á aðgengilegar, gagnsæja og samkeppnishæfa fjármálaþjónustu sem stuðlar að velferð viðskiptavina og trausti til fjármálamarkaðarins.

Í þessum kafla *S4 – Neytendur og endanotendur* er sjónum einkum beint að viðskiptavinahópi bankans sem fellur undir Viðskiptabankasvið svo sem einstaklingum, heimilum og fyrirtækjum sem nýta innlánsreikninga, greiðslulausnir og útlánaþjónustu Kviku.

Hjá Viðskiptabankasviði er sérstök áhersla lögð á þjónustu sem er alfarið á netinu svo sem í gegnum vörumerkin Auður, Auður heima, Aur og Netgíró. Einnig er áhersla lögð á að lausnirnar séu hannaðar með þarfir neytenda að leiðarljósi og styðji þannig við réttláta meðferð, skýra upplýsingagjöf, auðvelda notkun og gott aðgengi.

Jákvæð áhrif af starfsemi Kviku á neytendur og endanotendur

Kvika leggur áherslu á að bjóða upp á fjölbreytta fjárfestingarkosti og tekur bankinn virkan þátt í umræðu um þróun fjármálamarkaðarins meðal annars í gegnum IcelandSIF – samtök um ábyrgar fjárfestingar, en Kvika er stofnaðili samtakanna, og Festu – miðstöðvar um sjálfbærni.

Við þróun og samsetningu vöru og þjónustu leitast Kvika við að tryggja að viðskiptavinir fái skýrar, réttar og tímanlegar upplýsingar um kjör, áhættu og skilmála. Sérstök áhersla er lögð á gagnsæi, að stuðla að upplýstum ákvörðunum og draga úr líkum á misskilningi eða röngum væntingum meðal annars með einfaldri upplýsingagjöf, skýrum skilmálum og stafrænum lausnum sem auðveldar samanburð og aðgengi. Þjónustan er þannig hönnuð að minni líkur eru á neikvæðum áhrifum á neytendur. Finna má ítarlega umfjöllun um stafrænar lausnir Kviku og jákvæð áhrif þeirra á samkeppni og neytendur í kaflanum *ES – Stafræn umbreyting*.

Kvika metur reglulega hvernig þjónusta bankans hefur áhrif á neytendur, meðal annars með því að greina upplýsingar um notkun, viðbrögð viðskiptavina og niðurstöður úr þjónustu- og ánægjumælingum. Upplýsingarnar eru nýttar til að þróa þjónustuna áfram í takt við þarfir viðskiptavina.





Áhrifamikilvægi, stýring áhættu og tækifæra

Skýringarkröfur: S4-2 – grein 20 a, S4-3, S4.SBM-3 – greinar 10b og 10d.

Mikilvægar áhættur og tækifæri tengd neytendum og endanotendum

Rekstraráhætta getur skapast í viðskiptasamböndum meðal annars vegna mögulegs orðsporsskaða af völdum lélegrar þjónustu, skorts á hlitingu við reglur eða truflana á starfsemi sem getur haft áhrif á aðgengi að vörum og þjónustu Kvik. Í þessu felast þó einnig tækifæri til að efla tryggð viðskiptavina með áreiðanlegri þjónustu og nýsköpun.

Möguleg neikvæð áhrif á neytendur og endanotendur geta meðal annars falist í ófullnægjandi upplýsingagjöf, truflun á aðgengi að þjónustu, skorti á gagnsæi í skilmálum eða ófullnægjandi aðgengi að stafrænum lausnum. Kvika leitast við að draga úr líkum á slíkum áhrifum með stöðugum umbótum á ferlum, þjónustuhönnun og góðri upplýsingagjöf og með virkri vöktun á þjónustugæðum, rekstraröryggi og eftirliti með kvörtunum og ábendingum. Kvika hefur einnig þróað viðbragðsáætlanir fyrir hugsanleg rekstraráföll og fylgist náið með frávikum í rekstri, netöryggismálum og rekstrartruflunum til að meta og draga úr líkum á neikvæðum áhrifum á neytendur og tryggja samfellu í þjónustunni.

Tækifæri felast í því að efla aðgengi að fjártæknilausnum Kvik, auka samkeppni og stuðla að betri kjörum fyrir heimili og einstaklinga með nýsköpun, stafrænum lausnum og öruggum rekstri þeirra.

Neytendur og endanotendur geta haft áhrif á þá áhættu sem Kvika stendur frammi fyrir, þar á meðal útlánaáhættu vegna mögulegra vanefnda lántaka. Áhætta er greind, vöktuð og stýrð með skipulegum hætti, í samræmi við gildandi reglur og lagakröfur, þar á meðal CRR-reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

Samskipti við viðskiptavini og leiðir til að kvarta

Viðskiptavinir geta haft samband við bankann meðal annars í gegnum síma og tölvupóst. Hafi bankinn samband í tölvupósti af fyrri bragði í markaðslegum tilgangi er viðskiptavinum ávallt gert kleift að afþakka og skrá sig úr slíkum samskiptum.

Kvika og vörumerki Kvik framkvæma reglulega þjónustukannanir þar sem sjónarmið viðskiptavina og aðila sem eru ekki í viðskiptum við Kvik eru könnuð. Viðhorfs- og ímyndarkannanir eru framkvæmdar meðal almennings og mælingar á viðskiptaánægju eru framkvæmdar ársfjórðungslega í samstarfi við þriðja aðila fyrir öll vörumerki Kvik. Niðurstöður kannana eru greindar og nýttar í starfseminni til að bæta þjónustu og upplifun viðskiptavina.

Kvartanir geta borist með tölvupósti, síma eða við komu í höfuðstöðvar Kvik. Kvartanir vegna þjónustu eða vara Kvik geta einnig borist í gegnum vefi vörumerkjanna en þar er hægt að merkja erindi sérstaklega sem „kvörtun“. Þegar kvörtun berst í gegnum vefinn berst hún bæði í pósthólf viðkomandi vörumerkis og til regluvörslu bankans sem skráir kvörtunina og fylgir henni eftir samkvæmt skilgreindu ferli. Kvika leitast við að tryggja að kvörtunarferlar séu aðgengilegir og skilvirkir og að kvartanir séu afgreiddar með samræmdum hætti innan eðlilegs tímaramma.

Starfsmaður í viðskiptaþjónustu bregst við kvörtun og hefur samband við viðkomandi viðskiptavin. Þegar kvörtun hefur verið afgreidd er niðurstaða og úrlausn hennar skráð. Forstöðumaður viðskiptaþjónustu tekur saman árlega skýrslu yfir kvartanir og skilar til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (FME).

Ef viðskiptavinur er ekki sáttur við úrlausn bankans og bankinn hyggst ekki bregðast frekar við er viðskiptavin benti á frekari réttarræði, svo sem úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki og dómstóla. Kvartanir, ábendingar og endurgjöf viðskiptavina eru nýttar sem hluti af stöðugum umbótum á þjónustu, upplýsingagjöf og rekstraröryggi.

Upplýsingaöryggi og persónuvernd

Kvika leggur mikið upp úr því að upplýsingaöryggi og persónuvernd sé fullnægjandi til að sporna gegn og lágmarka neikvæð áhrif sem kunna að verða á viðskiptavini tengt frávikum á því sviði. Stjórnun upplýsingaöryggis er nauðsynlegt til að lágmarka hættu á tjóni á starfsemi Kvik og viðskiptavini samstæðunnar.

Helstu neikvæðu áhrif á neytendur og endanotendur vegna ófullnægjandi upplýsingaöryggis eða persónuverndar geta meðal annars verið truflanir á aðgengi að þjónustu, tafir á greiðslum og viðskiptum, óheimill aðgangur að reikningum eða kerfum og mögulegur gagnaleki, sem getur valdið fjárhagslegu tjóni eða broti á friðhelgi einkalífs viðskiptavina. Kvika vinnur markvisst að því að fyrirbyggja slík neikvæð áhrif og lágmarka líkur á að þau komi fram með góðum stjórnarháttum, virku eftirliti, fræðslu og stöðugum umbótum í öryggisráðstöfunum.

Kvika er með ISO 27001 vottun á stjórnkerfi og Straumur er með PCI DSS vottun (*Payment Card Industry Data Security Standard*). PCI DSS vottunin er veitt fyrirtækjum sem viðhalda ströngustu stöðlum um öryggi og gagnavernd fyrir söluaðila og viðskiptavini þeirra. Upplýsingaöryggisnefnd er starfandi hjá Kvik sem hefur meðal annars það hlutverk að samræma upplýsingaöryggi innan samstæðunnar.

Á árinu 2025 varð Kvika banki aðili að Samtökum fjármálafyrirtækja, CERTIS, ásamt Nordic Financial CERT (NFCERT). Hlutverk NFCERT er að gera meðlimum sínum sem eru norrænar fjármálastofnanir kleift að bregðast við netöryggisógnum og netglæpum á skjótan og skilvirkan hátt. Ýmsar öryggisráðstafanir eru viðhafðar hjá Kvik, meðal annars rauntímavöktun sem gerir bankanum kleift að bregðast við og koma í veg fyrir óæskileg tilvik. Ítarlegar kröfur eru gerðar til birgja og þjónustuveitenda og flestir stærri þjónustuveitendur bankans hafa ISO 27001 vottun. Fræðsla til starfsfólks varðandi upplýsingaöryggi og persónuvernd er skyldfræðsla.



Innleiðing DORA og stafrænn viðnámsþróttur fjármálamarkaðar

Á árinu 2025 var unnið að innleiðingu DORA regluverksins um stafrænan viðnámsþrótt fjármálamarkaðar.

Markmið DORA er að tryggja að fjármálafyrirtæki geti veitt örugga og áreiðanlega þjónustu þrátt fyrir truflanir eða áföll sem geta haft áhrif á stafræna innviði, rekstur eða netöryggi. Regluverkið leggur áherslu á að fyrirtæki hafi skýra ferla og viðbúnað til að fyrirbyggja truflanir, bregðast hratt við ef frávik koma upp og endurheimta þjónustu með skilvirkum hætti. Fjórar stoðir DORA eru:

- Áhættustýring upplýsinga- og fjarskiptatækniahættu,
- tilkynningarskylda upplýsinga- og fjarskiptatækni,
- prófanir á stafrænum viðnámsþrótti og á upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfum (e. digital operational resilience testing),
- áhætta tengd þriðju aðilum.

Stjórn Kviku banka samþykkti nýja stefnu á árinu 2025 sem heitir Stefna Kviku banka um tilhögun þriðju aðila og tekur meðal annars mið af kröfum DORA. Í stefnunni eru meginreglur, ábyrgð og ferlar bankans varðandi stýringu áhættu vegna þriðju aðila skilgreindar. Stefnan tekur einnig mið af viðmiðunarreglum EBA um fyrirkomulag útvistunar (EBA/GL/2019/02).

Við gerð stefnunnar og vegna vinnu við innleiðingu DORA voru ferlar Kviku í tengslum við útvistun til þriðju aðila endurskoðaðir og endurbættir og koma þær breytingar til samþykktar rekstrarnefndar Kviku snemma á árinu 2026. Aðrar stefnur voru einnig uppfærðar í innleiðingarferlinu svo sem upplýsingaöryggisstefna Kviku og stefna um samfelldan rekstur. Þá var viðbúnaðaráætlun uppfærð.

Innleiðing DORA skiptir neytendum og endanotendum máli þar sem hún styrkir getu bankans til að tryggja samfellu í rekstri, lágmarka líkur á þjónusturofi og draga úr neikvæðum áhrifum ef truflanir verða. Þetta á sérstaklega við um stafrænar þjónustur sem viðskiptavinir treysta á í daglegum viðskiptum, svo sem aðgang að reikningum, greiðslumiðlun og aðrar stafrænar lausnir sem styðja við fjárhagslegt öryggi einstaklinga og heimila.

DORA-innleiðingin styður við viðnámsþrótt og sjálfstæði gagnvart þriðju aðilum sem felur í sér sjálfbæra nálgun. DORA styrkir getu

bankans til að draga úr viðkvæmni gagnvart og verjast ytri ógnunum og ófyrirséðum aðstæðum sem geta haft kerfisleg áhrif innan fjármálageirans ef þær eru mjög alvarlegar. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að áhersla hefur á undanförmum árum beinst í vaxandi mæli að ytri áhættum þar á meðal geópólitískri áhættu sem getur haft áhrif á stafræna innviði og þjónustu í fjármálakerfum.

Sem hluti af innleiðingunni hefur Kvika unnið að því að efla heildstæða nálgun gagnvart því hvernig upplýsinga- og fjarskiptatækniahættu er stýrt þar á meðal með skýrari úthlutun ábyrgðar, reglubundnu mati á helstu áhættuþáttum og áherslu á að ferlar um viðbrögð og endurheimt séu til staðar og virki í framkvæmd. Þá er lögð áhersla á að læra af öryggisatvikum ef þau koma upp og nýta reynslu og endurgjöf í stöðugar umbætur svo sem á þjónustu, öryggi upplýsingakerfa, búnaði og viðskiptaferlum.

Á sama tíma styður DORA við markmið um að greina og stýra áhættu sem tengist þjónustuaðilum sem eru hluti af stafrænum innviðum fjármálaþjónustu og virðiskeðju Kviku. Með því að efla áhættustýringu vegna þriðju aðila er stuðlað að auknum fyrirsjáanleika og trausti sem dregur úr líkum á truflunum og styrkir hagsmuni neytenda og endanotenda.

Aukin ábyrgð er lögð á herðar stjórnar og æðstu stjórnenda með DORA en stjórn Kviku ber ábyrgð á því að bankinn hafi viðeigandi áhættustýringarramma, verklag og úrræði til að uppfylla kröfur DORA um stafrænan viðnámsþrótt. Stjórn leggur áherslur, samþykkir stefnur og tryggir eftirlit á meðan framkvæmdastjórn ber ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd.

Í samræmi við DORA er jafnframt lögð áhersla á að stjórn og lykilstjórnendur viðhaldi viðeigandi þekkingu á stafrænu rekstrarþoli og netöryggi meðal annars með reglubundinni fræðslu og upplýsingagjöf sem og annað starfsfólk bankans í samræmi við kröfur þar um.

Með þessum hætti fellur DORA-innleiðingin að heildstæðri nálgun Kviku á rekstrar- og sjálfbærniáhættu í breiðum skilningi og útvikkar ramma áhættustýringar sem nær til allra lykilþátta sem skipta máli fyrir traust og stöðugleika, allt frá vernd gagna og fjármálainnviða til viðnámsþróttar gagnvart ytri ógnunum.





ES – Stafræn umbreyting

Stafræn umbreyting hjá Kviku felur í sér að nýta fjártækni meðal annars sjálfvirknivæðingu og stafrænar lausnir til að einfalda fjármálaþjónustu, auka öryggi og bæta upplifun viðskiptavina. Með því að þróa notendavænar lausnir og stafræna ferla er leitast við að spara viðskiptavinum tíma, auka gagnsæi og gera þjónustu aðgengilegri óháð stað og stund.

Á sama tíma getur stafrænt þjónustuform stuðlað að minni pappírnotkun og minni losun gróðurhúsalofttegunda vegna færri bilferða viðskiptavina sem getur haft jákvæð umhverfisleg áhrif. Þótt stafræn tækni hafi einnig sitt umhverfisspor svo sem í formi rafmagnsnotkunar tengt gagnaverum og netumferð sem og tengt notkun á tækjabúnaði er markmiðið hjá Kviku að nýta tæknina á ábyrgan hátt þannig að hún stuðli að skilvirkari, öruggari og traustari þjónustu, sem er hluti af sjálfbærni í breiðum skilningi.

Markmið Kviku er að auka samkeppni á fjármálamarkaði, einfalda fjármál viðskiptavina og umbreyta fjármálaþjónustu á Íslandi. Þróun sparnaðarreikninga Auðar er gott dæmi um það hvernig stafræn umbreyting hefur skilað ávinningi fyrir neytendur og markaðinn í heild.

Auður hefur átt góðu gengi að fagna frá því hún mætti á sjónarsviðið og í lok árs 2025 voru heildarinnlán Auðar vel yfir 100 milljörðum króna og viðskiptavinir voru rúmlega 56 þúsund. Vöruframboð Auðar og samkeppnishæf innlánskjör hafa ýtt undir aukna samkeppni sem hefur stuðlað að betri vaxtakjörum á sparnaði heimila.


Fyrirtækjareikningar Auðar voru settir á laggirnar árið 2024 og voru viðtökur við lausninni afar góðar en við lok árs 2025 voru um þúsund fyrirtæki í viðskiptum.

Á árinu 2025 hélt Kvika áfram að þróa stafrænar lausnir sem auka aðgengi og samkeppni á fjármálamarkaði með stofnun Auðar heima sem er ný þjónusta á húsnæðislánamarkaðnum sem er hönnuð með einfaldleika, gagnsæi og notendavæna upplifun að leiðarljósi. Auður heima býður einstaklingum húsnæðislán á samkeppnishæfum kjörum með áherslu á skýrar upplýsingar um forsendur og kjör og einfalt umsóknar- og afgreiðsluferli í stafrænu umhverfi. Leitast er við að efla valkosti neytenda með þessu móti, styðja við eignamyndun og auðvelda viðskiptavinum að taka upplýstar ákvarðanir um fjármögnun fasteigna. Í lok árs 2025 var fjöldi veittra lána vel á sjötta hundrað talsins, fjöldi lántakenda að baki þeim ríflega eitt þúsund og heildarútlán hátt í 22 milljarða króna.


Straumur lauk einu stærsta verkefni sínu til þessa á árinu 2025 þar sem lausnir allra viðskiptavina Straums voru fluttar yfir í lausnir fjártækniyrirtækisins Adyen og eru greiðslulausnirnar núna byggðar á einum öflugum og samræmdum grunni. Umbreytingunni lauk fyrir 1. nóvember 2025 og markaði hún upphaf nýs kafla í þróun greiðslulausna Straums þar sem aukin áhersla er lögð á að byggja eigin lausnir og þjónustu á þessum innviðum. Með þessum breytingum er stuðlað að auknum stöðugleika, einfaldari þjónustuframboði og betri möguleikum til nýsköpunar í greiðslumiðlun sem styður við öruggar og áreiðanlegar greiðslur fyrir viðskiptavinum og endanotendur.

auður

Dóttir Kviku



straumur



Þá hefur Lykill aukið sjálfvirknivæðingu í lánferlum og gert lánveitingar skilvirkari og þægilegri fyrir viðskiptavinum. Með rafrænu samþykktarferli og sjálfvirknivæddu útborgunarferli ökutækjafjármögnunar eru lán og samningar afgreidd jafnóðum og gengið er frá fjármögnun. Slíkar lausnir auka hagræði og styðja við hraðari og skilvirkari þjónustu.

Önnur þjónusta Kviku sem einnig er alfarið stafræn er Aur og Netgíró. Aur býður viðskiptavinum upp á einfaldan greiðslumáta á netinu. Aur bætir einnig kjör heimila og einstaklinga með því að bjóða upp á hagkvæm greiðslukort og lægri kostnað þegar verslað er erlendis. Netgíró hjálpar viðskiptavinum sínum að standa undir kostnaði með því að gera þeim kleift að haga greiðslum eins og þeim hentar hverju sinni og dreifa fjárhagslegu álagi sem kann að skapast.

Að lokum hefur Kvika nýtt stafrænar lausnir til samfélagslegra áhrifa, meðal annars í gegnum Aur, þar sem ýmis félagasamtök hafa verið styrkt með því að fella niður þóknarir eða færsluhirðingagjöld. Einnig til að auðvelda almenningi að styðja við starfsemi þeirra ýmist með beinum framlögum eða sölu varnings. Þá tók Straumur þátt í samstarfi við Adyen í verkefnum þar sem framlög í gegnum posa Straums runnu annars vegar til UN Women á Íslandi, til stuðnings baráttu gegn stafrænu kynbundnu ofbeldi og hins vegar til UNICEF á Íslandi til stuðnings börnum á Gasa. Í báðum tilvikum tvöfölduðu Straumur og Adyen hvert framlag sem undirstrikar hvernig stafræn umbreyting og greiðslulausnir geta verið nýttar til samfélagslegs ávinnings.

Með aukinni stafrænni þjónustu eykst mikilvægi þess að þjónusta sé örugg og áreiðanleg og fellur þessi nálgun vel að áherslum bankans um stafrænan viðnámsþrótt og öfluga áhættustýringu til að tryggja traust og samfellu í þjónustu. Kvika mun halda áfram að þróa stafrænar lausnir sem auka aðgengi, einfaldleika og gagnsæi í þjónustunni, meðal annars með aukinni sjálfvirknivæðingu til að styðja við skilvirkari og öruggari afgreiðslu. Í ferlinu er byggt á ábyrgri nýtingu gagna og tækni, öflugri persónuvernd og upplýsingaöryggi.

Stjórnarhættir

G1 – Viðskiptahættir

ES – Regluverk fjármálamarkaða





G1 – Viðskiptahættir

- Vinnustaðamenning
- Spilling og mútur
- Vernd uppljóstrara

Stjórnarhættir

Skýringarkröfur: G1.GOV-1 – grein 5a, G1-1 – grein 7.

Hlutverk stjórnunar- og eftirlitseininga tengt viðskiptaháttum og helstu stefnur

Lög og reglur sem gilda um fjármálafyrirtæki fela stjórn viðtæka ábyrgð á heildarstarfsemi og stefnumótun félags sem og á áhættustefnu. Einnig að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits sem samræmist lögum sem um félagið gilda og reglum. Stjórn ber ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag stuðli að skilvirkri og varfærinni stjórn bankans, aðskilnaði starfa og að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Til að sinna þessu hlutverki hefur stjórn meðal annars samþykkt ýmsar stefnur sem ætlað er að tryggja virka umgjörð áhættustýringar, hlitingu við lög og reglur og siðferði. Meðal þeirra er áhættustefna samstæðu, stefnur um megináhættuþætti á borð við sjálfbærniáhættu, stefna um hlitingu, siðareglur, ýmsar stefnur tengdar einstaka starfspáttum til að gæta að eftirfylgni við lög, stefna um stjórnarhætti, eigendastefnur fyrir mikilvæg dótturfélög, starfskjarastefna, stefna um innra eftirlit og fleira. Þá hafa stjórn, undirnefndir stjórnar og fagnefndir sett sér starfsreglur. Sjá má yfirlit yfir stefnur í kaflanum *Stefnur sem tengjast mikilvægum sjálfbærniþáttum (MDR-P)*.

Til að tryggja virkni stefnanna er þeim almennt fylgt eftir með verklagsreglum, ferlum, fræðslu og reglubundnu eftirliti. Endurskoðun á stefnumótun og reglum fer fram með reglulegum hætti eða þegar tilefni er til vegna breytinga í rekstri eða á laga- eða regluverki. Með þessu er leitast við að tryggja að góðir stjórnarhættir og siðferði sé virkur hluti af daglegri starfsemi og menningu bankans.

Stjórn ræður forstjóra sem sinnir daglegri starfsemi og ber ásamt forstöðumönnum eftirlitseininga ábyrgð á reglubundinni og atvikabundinni upplýsingagjöf til stjórnar um stefnumótun bankans, hvernig stefnumótun og fyrirmælum stjórnar er fylgt í daglegri starfsemi og hverjar helstu áhættur eru. Stjórn er reglulega upplýst um stöðu sjálfbærnimála auk þess sem hún samþykkir upplýsingagjöf um sjálfbærni í ársreikningi.

Stjórn hefur eftirlit með því að stjórnarhættir, stefnur og ferlar stuðli að ábyrgum viðskiptaháttum og að viðeigandi stjórnartæki séu til staðar til að meta áhrif og stýra þeim og meta áhættur og tækifæri tengd viðskiptaháttum. Umfjöllun um sjálfbærni og viðskiptasiðferði er samþætt við almenna áhættustýringu og innra eftirlit og fær stjórn reglulega yfirlit yfir stöðu helstu þátta, þar á meðal þróun áhættu, niðurstöður eftirlits og frávik eða atvik sem varða stjórnarhætti og helstu umbótaðgerðir.

Nánari upplýsingar um helstu þætti innra eftirlits, áhættustýringar og ábyrgð stjórnar má finna í stjórnarháttayfirlýsingu sem birtist með ársreikningi bankans og er aðgengileg á vef Kviku. Þá má einnig finna frekari upplýsingar um hlutverk stjórnunar- og eftirlitseininga tengt sjálfbærni undir kaflanum *Hlutverk stjórnunar- og eftirlitseininga*.





Áhrifamikilvægi, stýring áhættu og tækifæra

Skýringarkrafa: G1-3 – grein 18a.

Ferlar sem eru til staðar til að koma í veg fyrir, greina og svara ásökunum eða atvikum tengdum spillingu eða mútum

Bankinn hefur sett sér heildarstefnu fyrir samstæðuna um aðgerðir gegn efnahagsbrotum. Markmið stefnunnar er að koma eftir fremsta megni í veg fyrir að starfsemi Kviku sé notuð til hvers konar efnahags- eða auðgunarbrot.

Í stefnunni er meðal annars greint frá ábyrgð stjórnenda og starfsfólks með aðgerðum gegn efnahagsbrotum og áhættuvilja stjórnar móðurfélagsins. Stefnan kveður á um að enginn starfsmaður eða þriðji aðili sem kemur fram fyrir hönd samstæðunnar skuli gefa, lofa, fara fram á, samþykkja eða taka við mútum eða öðrum óréttmætum ávinningi sem er til þess fallinn að hafa áhrif á ákvörðunartöku viðkomandi í starfi sínu.

Kvika hefur sett sér innri reglur og verkferla sem ætlað er að efla varnir gegn mútum og spillingu. Aðilar sem eru skilgreindir í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla teljast mun líklegri til þess

að vera hluti af spillingu og þiggja mútur. Ef einstaklingur er í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla framkvæmir Kvika aukna áreiðanleikakönnun á aðilanum. Þá þarf framkvæmdastjóri viðkomandi sviðs einnig að samþykkja viðskiptin. Viðskiptavinurinn er þá flokkaður sem áhættumeiri og er fylgst nánar með honum í eftirlitskerfum.

Kvika leggur áherslu á að starfsfólk og aðrir sem starfa fyrir samstæðuna hafi aðgengilegar leiðir til að tilkynna um brot eða ámælisverða háttsemi. Tilkynningar eru teknar til meðferðar samkvæmt skilgreindu ferli með viðeigandi trúnaði og vernd gegn mögulegum neikvæðum áhrifum. Mál eru skráð og metin, viðeigandi aðgerðir ákveðnar og eftirfylgni tryggð. Niðurstöður og lærdómur er nýttur til að styrkja ferla og varnir eftir því sem við á.

Gruni starfsmann að viðskipti eða færslu meggi rekja til efnahagsbrots eða annarrar refsiverðrar háttsemi skal viðkomandi starfsmaður tilkynna það án tafar til regluvörslu í samræmi við innri reglur um verkferil við tilkynningar starfsfólks um brot á lögum eða ámælisverða háttsemi. Regluvarsla metur möguleg tengsl, leiðbeinir starfsmanni

um næstu aðgerðir og tryggir, ef svo ber við, að tilkynningar séu sendar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu. Með hugtakinu grunur er vísað til lægsta stigs gruns, það er að sérhver grunur, óháð því hve mikill hann er, uppfyllir skilyrði. Öll miðlun upplýsinga skal vera í samræmi við persónuverndarstefnu og öryggisstefnu Kviku.

Mælikvarðar og markmið

Skýringarkrafa: G1-4 – grein 24a.

Fjöldi sakfellinga eða atvika tengdum brotum á lögum sem fjalla um spillingu og mútuþægni

Engin slík tilfelli liggja fyrir.



ES – Regluverk fjármálamarkaða

Regluverk fjármálamarkaða

Flóknar lagalegar kröfur gilda á fjármálamarkaði en regluverkið gegnir lykilhlutverki við að tryggja traust, stöðugleika og vernd hagsmuna viðskiptavina. Fyrir Kviku er virkt regluverk forsenda þess að geta þróað þjónustu með ábyrgum hætti, innleitt nýjar lausnir og viðhaldið samkeppnishæfni á markaði án þess að slaka á kröfum um öryggi, gagnsæi og neytendavernd.

Verkefni tengd innleiðingu nýrra og komandi löggjafa eru umfangsmikil og viðvarandi í starfsemi Kviku. Verkefnin eru alla jafna í hæsta forgangi innan bankans og leggja stjórn og stjórnendur mikla áherslu á að stöðugt sé unnið að og viðhaldið menningu sem stuðlar að hlitingu við þær kröfur sem gerðar eru til Kviku banka og samstæðunnar.

Kvika er fjármálafyrirtæki sem er skráð á aðalmarkað Nasdaq á Íslandi og er með starfsleyfi frá FME sem hefur eftirlit með starfsemi bankans. Um starfsemina gildir viðamikil löggjöf og afleiddar gerðir á fjármálamarkaði sem flestar eiga uppruna sinn í Evrópu og hafa verið innleiddar hér á landi, sem og reglur og tilmæli FME og Seðlabankans. Á vef Seðlabankans²⁵ má finna samantekt yfir öll lög, reglugerðir og reglur sem varða fjármálaþjónustu auk leiðbeinandi tilmæla, tulkana og fleira efni sem Seðlabankinn hefur gefið út.

Regluvörslu er falið að vakta laga- og reglubreytingar sem varða rekstur og starfsemi Kviku með beinum hætti. Er þar einkum um að ræða innleiðingu ýmissar löggjafar sem eiga uppruna sinn frá ESB á fjármálamarkaði. Til að stýra þeirri áhættu sem fylgir reglugerðar- og lagabreytingum hefur regluvarsla sett á fót laganeftnd sem fylgist með og skrásetur miðlægt laga- og reglugerðarsetningar ásamt breytingum þar að lútandi sem snerta samstæðu bankans. Regluvarsla skipar í nefndina og getur kallað til hagaðila eftir þörfum.

Laganeftnd bankans heldur lista yfir upplýsingar frá FME og öðrum stofnunum um fyrirhugaðar eða nýlegar lagasetningar og forgangsraðar vinnu eftir mikilvægi og umfangi innleiðinga. Nefndin ber ábyrgð á því að vakta og greina hvernig fyrirhuguð löggjöf snertir samstæðuna og koma innleiðingu löggjafa í viðeigandi ferli með það að markmiði að tryggja hlítu.

Við forgangsstöðun innleiðingar er horft til umfangs breytinga, áhrifa á viðskiptavinum og starfsemi, tilkynnta innleiðingarfresta og áhættu ef hlítu næst ekki. Innleiðing nýrra krafna er almennt unnin í samvinnu regluvörslu, áhættustýringu og viðeigandi rekstrareiningar þar sem skilgreind er ábyrgð, tímalína, þörf á breytingum á ferlum, kerfum og skýrslugjöf. Eftirfylgni fer fram með reglubundnu eftirliti og staðfestingu á því að innleiðing hafi skilað tilætluðum árangri.

Regluvarsla vaktar viðeigandi dóma, Samráðsgátt, dreifibréf frá eftirlitsaðilum, stjórnartíðindi og aðrar upplýsingar um laga- og reglugerðarbreytingar frá hagsmunaaðilum. Þannig er fylgst markvisst með niðurstöðum dómstóla og eftirlitsaðila sem kunna að hafa fordæmisgildi fyrir starfsemi bankans, sem og laga- og reglubreytingum.

Innleiðing löggjafa er oft háð flóknum tæknilegum lausnum og umfangsmiklum skýrsluskilum. Regluvarsla getur upp á sitt frumkvæði tekið út af handahófi hvort viðeigandi innleiðing sé fullnægjandi og innan tímamarka og þannig sinnt áhættumiðuðu eftirliti og eftirfylgni innan bankans við gildandi lög og reglur.

Þótt innleiðing regluverks geti verið kostnaðarsöm og tímafrek skapar hún jafnframt tækifæri til að efla ferla, auka gagnsæi og bæta rekstraröryggi. Með markvissri innleiðingu er leitast við að draga úr rekstraráhættu, styrkja varnir og bæta þjónustugæði sem styður við traust og stöðugleika til lengri tíma.

Varnir gegn peningabætti

Kvika hefur gripið til margvíslegra fyrirbyggjandi og áhættumiðaðra aðgerða til að koma í veg fyrir að starfsemi bankans sé misnotuð til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka.

Þetta er meðal annars gert með því að framkvæma áhættumöt, móta stefnur og verklag, þjálfar starfsfólk, kanna áreiðanleika viðskiptavina, áhættuflokka viðskiptavini, viðhafa reglubundið eftirlit með þeim, rannsaka og tilkynna grun um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Stjórn Kviku leggur áherslu á fylgni við viðeigandi lög, reglur og bestu framkvæmd sem gildir um samstæðu Kviku á hverjum tíma. Kvika hefur innleitt áhættustýringar og verkferla sem lið í því að fullnægjandi eftirlit sé með greindum áhættuþáttum í starfsemi samstæðunnar og að dregið sé úr áhættu með skilvirkum hætti.

Virkni varna gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka er metin með reglubundnu eftirliti, innri úttektum og fræðslu. Stjórn og stjórnendur fá reglulega upplýsingar um stöðuna, þar á meðal um helstu áhættur, niðurstöðu eftirlits og framvindu umbótaaðgerða, með það að markmiði að tryggja að varnir séu í samræmi við áhættusnið bankans og þær kröfur sem gerðar eru af eftirlitsaðilum.

²⁵ Lög og reglur. Slóð: [Seðlabanki Íslands | Lög og reglur](#). Síðast sótt 14.1.2026.



Tilvísunartafla

Skýringarkrafa: IRO-2.

Meðfylgjandi tafla geymir valda ESRS-gagnapunkta sem hafðir eru til hliðsjónar við sjálfbærniupplýsingagjöf Kviku. Val á gagnapunktunum miðast við niðurstöðu úr tviátta mikilvægisgreiningu Kviku frá árinu 2024. Gagnapunktar sem merktir eru með punkti (*) hafa verið teknir út af endurskoðanda Kviku með takmarkaðri vissu.





ESRS	Skýringarkrafa (DR)	Nafn skýringarkröfu (DR)	Blaðsíða	Staðfest af Deloitte
ESRS 2	BP-1	General basis for preparation of the sustainability statement.	6	
	BP-2	Disclosure in relation to specific circumstances.	8	
	GOV-1	The role of the administrative, management and supervisory bodies - composition and diversity of members.	9	*
	GOV-1	The role of the administrative, management and supervisory bodies - roles and responsibilities.	10, 13	
	GOV-2	Information provided to and sustainability matters addressed by the undertaking's administrative, management and supervisory bodies.	13	
	GOV-3	Integration of sustainability-related performance in incentive schemes.	14	
	SBM-1	Strategy, business model and value chain.	15, 16, 17	
	SBM-2	Interests and views of stakeholders.	17	
	SBM-3	Material impacts, risks and opportunities and their interaction with strategy and business model.	18	
	IRO-1	Description of the process to identify and assess material impacts, risks and opportunities.	17, 21	
	IRO-2	Disclosure requirements in ESRS covered by the undertaking's sustainability statement.	53	
	MDR-P	Policies adopted to manage material sustainability matters.	23	
	MDR-A	Actions and resources in relation to material sustainability matters.	26	
Taxonomy	EU Taxonomy	Upplýsingagjöf samkvæmt 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar.	30	
ESRS E1	E1.SBM-3	Type of climate-related risk.	21	
	E1.IRO-1	Description of process in relation to impacts on climate change.	21, 31	
	E1-2	Policies related to climate change mitigation and adaption.	23, 31	
	E1-3	Actions and resources in relation to climate change policies.	26, 31	
	E1-4	Targets related to climate change mitigation and adaption.	31	
	E1-5	Energy consumption and mix.	32	*
	E1-6	Gross Scopes 1, 2, 3 and total GHG emissions (without financed emissions).	32-33	*
	E1-6	Scope 3, Financed emissions.	34-36	
	E1-7	GHG removals and GHG mitigation projects financed through carbon credits.	37	*



ESRS	Skýringarkrafa (DR)	Nafn skýringarkröfu (DR)	Blaðsíða	Staðfest af Deloitte
		Úthlutunar- og áhrifaskýrsla Kviku fyrir 2025.	38-39	*
S1	S1-1	Policies related to own workforce.	41	
	S1-2	Processes for engaging with own workforce and worker's representatives about impacts.	41	
	S1-3	Processes to remediate negative impacts and channels for own workforce to raise concerns.	41	
	S1-4	Taking action on material impacts on own workforce, and approaches to managing material risks and pursuing material opportunities related to own workforce and effectiveness of those actions.	41	
	S1-6	Characteristics of undertaking's employees.	43	*
	S1-7	Characteristics of non-employees in the undertaking's own workforce.	43	*
	S1-8	Collective bargaining coverage and social dialogue.	43	*
	S1-9	Diversity metrics.	43	*
	S1-10	Adequate wages.	43	*
	S1-13	Training and skills development metrics.	43	*
	S1-15	Work-life balance metrics.	43	*
	S1-16	Remuneration metrics (pay gap and total remuneration).	43	*
S4	S4.SBM-3	Description of types of consumers and end-users subject to material impacts.	16, 44, 45	
	S4-1	Policies related to consumers and end-users.	23, 44	
	S4-2	Processes for engaging with consumers and end-users about impacts.	45	
	S4-3	Processes to remediate negative impacts and channels for consumers and end-users to raise concerns.	45	
	S4-4	Taking action on material impacts on consumers and end-users, and approaches to managing material risks and pursuing material opportunities related to consumers and end-users, and effectiveness of those actions.	26, 44	



ESRS	Skýringarkrafa (DR)	Nafn skýringarkröfu (DR)	Blaðsíða	Staðfest af Deloitte
ES		Stafræn umbreyting.	47	
G1	G1.Gov-1	The role of the administrative, management and supervisory bodies.	50	
	G1-1	Business conduct policies and corporate culture.	50	
	G1-3	Prevention and detection of corruption and bribery.	51	
	G1-4	Incidents of corruption or bribery.	51	*
ES		Reglusetning fjármálamarkaða og peningaþvætti.	52	

Viðauki

Staðfesting óháðs endurskoðanda



Til stjórnenda og hagsmunaaðila Kviku banka hf.

Við vorum ráðin af Kviku banka hf. til að veita ályktun með takmarkaðri vissu á valdar sjálfbærniupplýsingar sem eru settir fram í tilvísunartöflu í Sjálfbærnisýrslu Kviku fyrir árið 2025 ("Skýrslunni"). Þeir mælikvarðar sem falla undir skoðun eru merktir með (*) í dálki "Staðfest af Deloitte" í tilvísunartöflu á bls. 53-56.

Umfang

Umfang vinnu okkar takmarkast við að leggja mat á valda mælikvarða í Sjálfbærnisýrslu Kviku banka fyrir árið 2025 sem vísað er til að falli undir staðfestingu í tilvísunartöflu. Undir það fellur yfirferð á Ráðstöfun fjármuna úr grænni skuldabréfaútgáfu og nýtingu í græn verkefni samkvæmt grænni fjármálaumgjörð bankans, eins og fram kemur á bls. 38-39 í Úthlutunar- og áhrifaskýrslu, í Sjálfbærnisýrslu bankans fyrir árið 2025.

Ályktun okkar nær ekki til annarra upplýsinga í Sjálfbærnisýrslu.

Niðurstaða okkar er sett fram með ályktun með takmarkaðri vissu.

Ábyrgð stjórnenda

Stjórnendur Kviku banka eru ábyrg fyrir söfnun, greiningu, gerð og framsetningu upplýsinganna sem settar eru fram í skýrslunni, og að tryggja að upplýsingarnar séu án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Óhæði og gæðaeftirlit

Við höfum uppfyllt kröfur um óhæði og önnur ákvæði siðareglna í samræmi við alþjóðlegar siðareglur (IESBA Code), sem byggðar eru á grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni, trúnað og faglega hegðun.

Deloitte ehf. lýtur alþjóðlegum staðli um gæðakerfi (e. International Standard on Quality Management (ISQM) 1 og hefur í samræmi við það innleitt umfangsmikið gæðaeftirlitskerfi, þar á meðal skráðar stefnur og verkferla varðandi fylgni við óháðis- og siðakröfur faglega staðla og viðeigandi kröfur laga og reglna.

Ábyrgð óháðs endurskoðenda

Ábyrgð okkar er að láta í ljós ályktun með takmarkaðri vissu á valdar sjálfbærniupplýsingar sem vísað er til í tilvísunartöflu og úthlutunar grænna fjármuna í Úthlutunar- og áhrifaskýrslu 2025 sem settar eru fram í Sjálfbærnisýrslu Kviku banka. Við höfum framkvæmt vinnu okkar í samræmi við staðalinn ISAE 3000 (revised), Assurance Engagements Other than Audits or Reviews of Historical Financial Information, til að afla okkur takmarkaðrar vissu um ályktun okkar. Í samræmi við staðalinn höfum við skipulagt og framkvæmt vinnu okkar til að afla takmarkaðrar vissu á því að valdar upplýsingar sem falla undir tilgreint umfang séu án verulegrar skekkju.

Staðfestingarverkefni með ályktun með takmarkaðri vissu (e. limited assurance) er minna að umfangi en staðfestingarverkefni með nægilegri vissu (e. reasonable assurance). Af því leiðir að staðfesting sem fæst er minni en væri í verkefni með nægilegri vissu. Með hliðsjón af mati á verulegum skekkjum, skipulögðum við og framkvæmdum vinnu okkar til að afla allra upplýsinga og skýringa sem nauðsynlegar eru til að styðja við ályktun okkar.

Við framkvæmdum skoðanir á gögnum sem fólu m.a. í sér að skipuleggja og framkvæma aðgerðir til að afla fullnægjandi sannanna til að geta gefið út ályktun á valda sjálfbærnimælikvarða. Öfludum skilnings á ferlum og þeim aðferðum sem skýrslugjöfin byggir á og máttum þau gögn sem notuð eru við framsetningu hennar. Við öfludum skilnings á innra eftirlitsumhverfi og tókum viðtöl við og beittum fyrirspurnum til viðeigandi aðila sem eru ábyrgir fyrir

upplýsingagjöfnni. Við beittum greiningaraðgerðum og rákum upplýsingar úr völdum sjálfbærnimælikvörðum í viðeigandi stuðningsgögn auk þess að framkvæma gagnaskoðun byggða á úrtaksprófunum og endurútreikning.

Ályktun

Byggt á þeim aðgerðum sem við höfum framkvæmt og þeirra gagna sem við höfum aflað, hefur ekkert komið í ljós sem bendir til annars en að valdir sjálfbærnimælikvarðar sem vísað er til að falli undir staðfestingu í tilvísunartöflu sem og Úthlutunar- og áhrifaskýrsla Kviku banka í Sjálfbærnisýrslu fyrir árið 2025, sé að öllu verulegu leyti í samræmi við aðferðafræði og skýringarkröfur sem vísað er til í Skýrslunni.

Kópavogi, 11. febrúar 2026

Deloitte ehf.

Guðmundur Ingólfsson
endurskoðandi

Deloitte.

